SKÓLAÁRIÐ 2025 - 2026

HÖRÐUVALLASKÓLI



HÖRÐUVALLASKOLI_STARFSÁÆTLUN_2025-2026.DOCX

SIGRÚN ÓLÖF INGÓLFSDÓTTIR - SKÓLASTJÓRI
KOPAVOGSBÆR

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Efnisyfirlit

Formáli 5
Hagnýtar upplýsingar 5
Um skólann 5
Forföll og leyfi 5
Ástundun og Mentor 6
Myndataka 6
Óskilamunir 6
Skólabækur / námsgögn / spjaldtölvur 6
Húsnæði skólans 7
Fundaskipulag skólaársins 7
Aðlögun nemenda í Kóraskóla 7
Stjórnskipulag skólans 8
Stjórnskipulag Hörðuvallaskóla 8
Skólastjórnendur 8
Umsjónarkennarar 8
Faggreinakennarar (list- og verkgreinar ásamt íþróttum og sundi) 9
Sérkennarar, stoðkennarar og námsráðgjafi 9
Stuðningsfulltrúar 10
Listi yfir starfsfólk og starfsheiti þess í skólanum 11
Skóladagatal 2025 - 2026 14
Skýringar við skóladagatal 14
Tilhögun kennslu 15
Skipulag kennslu og kennsluáætlanir 15
Stuðningur við nemendur í skóla án aðgreiningar 16
Fyrirkomulag kennslu í íslensku sem annað tungumál 16
Stefna skólans og sérstakar áherslur í námi 16
Bókasafn/UT 17
Námsmat 18
Leiðsagnarnám 18
Símat 19
Sjálfsmat 19

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Jafningjamat....19
Frammistöðumat....19
Heimanám....19
Stöðluð próf....19
Starfsáætlun nemenda....20
Skipting kennslutíma eftir fögum....20
Helstu viðburðir skólaársins....21
Nemendaviðtöl....22
Val á miðstigi....23
Skólabragur og skólareglur....23
Skólabragur....23
Gildi skólans....24
Skólareglur....25
Ástundun....25
Samskipti....25
Umgengni....26
Viðbrögð við brotum....26
Verkferill vegna líkamlegs ofbeldis gegn nemendum eða starfsfólki....27
https://island.is/reglugerdir/nr/1040-2011....29
Viðmið vegna óviðunandi skólasóknar....29
Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð....31
Skólaráð....31
Fagteymi og starfshópar skólaársins....31
Foreldrafélag....32
Lög Foreldrafélags Hörðuvallaskóla....33
Nemendaráð Hörðuvallaskóla....35
Foreldrasamstarf....35
Tengslatorg....35
Tölvupóstur....36
Facebook og aðrir samskiptamiðlar....36
Myndbirtingar....36
Sími....36

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Ritari....37
Heimsóknir foreldra í skólastofur....37
Upplýsingar frá skólanum....37
Þróunarstarf....37
Foreldrar með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn....37
Viðfangsefni innra mats....38
Upplýsingar um stoðþjónustu....39
Skipulag stoðþjónustu....39
Nemendaverndarráð....39
Sérkennsla og námsver....39
Talmeinafræðingur....40
Skólasálfræðingur....41
Námsráðgjöf....41
Skólaheilsugæsla....41
Iðjuþjálfi....43
Önnur sérfræðiþjónusta frá menntasviði Kópavogs....43
Nemendateymi....43
Ákvörðun um sérúrræði....44
Meðferð mál nemenda með námsvanda....45
Skimanir, greiningar....46
Skimanir sem framkvæmdar eru í skólanum....46
Tómstundastarf og félagslíf....47
Frístund....47
Gjald....48
Starfsemi....48
Félagsmiðstöðin Kúlan....48
Skákkennsla....49
Skólakór....49
Ferðalög....49
Bekkjarkvöld....49
Símenntunaráætlun....50
Starfsþróunaráætlun Hörðuvallaskóla 2024–2027....50

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Grunnforsendur 51
Markmið starfsþróunar 51
Framkvæmd og eftirfylgni 51
Megináherslusvið og innihald 52
Inngildandi menntun 53
Efling lærdómssamfélags 54
Mat og endurskoðun 54
Rýmingaráætlun og viðbrögð við vá 54
Rýmingaráætlun 54
Rýmingaræfing 55
Rýming (skólaæfing /hættuástand) 55
Hlutverk starfsfólks 56
Veikindafaraldrar 56
Óveður 56
Eldgos og jarðskjálftar 56
Skólaakstur og skólamáltíðir 57
Skólaakstur 57
Skólamáltíðir 57
Nesti og matarvenjur 57
Þróunarstarf í skólanum 57
PALS (e. Peer – Assisted Learning Strategies) 57
Uppeldi til ábyrgðar 58
Draumagerðarsmiðja 58
Erasmus 59

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Formáli

Samkvæmt grunnskólalögum ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Hér gefur að líta starfsáætlun Hörðuvallaskóla fyrir 20. starfsár skólans.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir stjórnskipulagi skólans, skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, fyrirkomulagi kennslu, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru einnig birtar upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur og almennar, hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla er árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans.

Hagnýtar upplýsingar

Um skólann

Hörðuvallaskóli er hverfisskóli fyrir Kórahverfið í Kópavogi og er einn af grunnskólum Kópavogs. Starfsemi skólans er í Baugakór 38 og í honum eru nemendur í 1. – 7. bekk. Hörðuvallaskóli hóf starfsemi haustið 2006 og er því að hefja sitt nítjánda starfsár. Skólinn hefur vaxið hratt frá stofnun en breytingar urðu á skólanum haustið 2023. Þá var skólanum skipt í tvennt og nú er unglingadeild skólans sér grunnskóli sem heitir Kóraskóli. Nemendafjöldi í upphafi skólaárs var 513 nemendur.

Frístund fyrir nemendur í 1. – 4. bekk er starfandi og þar eru alls 212 börn skráð. Opnunartíminn er frá kl. 13:00 – 16:30 fyrir alla árgangana. Frístund Hörðuvallaskóla ber nafnið Hörðuheimar. Starf Hörðuheima skiptist í tvennt, annars vegar starf 1.- 2. bekkja sem er hefðbundið frístundastarf sem byggist að mestu á frjálsum leik, og hins vegar starfið í 3.-4. bekk sem byggist upp á hugmyndum nemenda, nánar má lesa um starf frístundar í starfsáætlun Hörðuheima sem er að finna á heimasíðu skólans.

Kennsla hefst kl. 8:15 hjá nemendum í 1.- 5. bekk en kl. 8:30 fyrir nemendur í 6. – 7. bekk. Skólinn opnar kl. 8:00 á morgnana.

Skrifstofa skólans í Baugakór er opin frá kl. 8:00 – 15:00 alla virka daga. Skólahúsnæðið er opið frá kl. 8:00 til kl. 16:00 dag hvern.

Forföll og leyfi

Foreldrum/forsjáraðilum ber að tilkynna forföll nemenda á skrifstofu skólans sem allra fyrst að morgni með símtali, veikindaskráningu í gegnum Mentor eða í tölvupósti til ritara fyrir kl.

Athugasemd [SB1]: Ósamræmi, sjá neðar

Athugasemd [SB2]: Ósamræmi, sjá athugasemd ofar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

8:05. Athugið að einungis á að nýta forfallaskráningarmöguleikann á Mentor ef um veikindi er að ræða. Ef veikindi eða forföll vara lengur en einn dag skal tilkynna þau daglega.

Beiðni um leyfi nemenda skal berast frá foreldrum eða forsjáraðilum. Umsjónarkennarar afgreiða beiðni um leyfi í einn eða tvo daga. Skólastjórnendur afgreiða beiðni um lengra leyfi sem verður að vera skriflegt á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á skrifstofu, á heimasíðu skólans eða beint á vefslóðinni:

https://www.horduvallaskoli.is/static/files/2017-2018/beidni_um_leyfi.pdf

Foreldrar/forsjáraðilar eru minntir á að þeir sjá til þess að nemendur vinni það upp sem þeir kunna að missa úr námi meðan á leyfi stendur, sbr. 15. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Ástundun og Mentor

Skólinn notar vefforritið Mentor, sem auðveldar allt eftirlit með skólasókn og ástundun nemenda. Kennarar færa reglulega inn á Mentor hvernig þessi mál standa hjá einstökum nemendum og geta foreldrar þannig fylgst með námsframvindu og framkomu barna sinna frá degi til dags. Skólasókn nemenda er send foreldrum vikulega í gegnum tölvupóst.

Myndataka

Myndataka er árlega í 1., 4. og 7. bekk. Þá er tekin bekkjarmynd og einstaklingsmynd fyrir Mentor.

Óskilamunir

Húsvörður og skólaliðar varðveita óskilamuni. Nemendur og foreldrar/forsjáraðilar eru hvattir til að merkja fatnað og muni sem notaðir eru í skólanum, sérstaklega úlpur, skó og íþróttafatnað. Hillur fyrir óskilamuni eru fyrir innan anddyri á hverjum gangi. Foreldrar/forsjáraðilar og nemendur eru hvattir til að leita til skólaliða eins fljótt og unnt er ef hlutir týnast í skólanum. Fatnaður sem ekki er vitjað um fyrir lok skólaársins er gefinn hjálparstofnunum.

Skólabækur / námsgögn / spjaldtölvur

Skólinn hefur aðgang að skólabókum og hljóðefni hjá MMS. Horft er til umhverfissjónarmiða og því eru bækur endurnýttar þannig að hver nemandi fær ekki allar sínar bækur nýjar og ónotaðar. Skólanum er skylt að leggja til bækur í valgreinum. Skólinn úthlutar yfirleitt einni bók í hverri námsgrein til nemenda í upphafi skólaárs en þó er alltaf að færast í vöxt að rafbækur séu nýttar til kennslu. Flestar skólabækur eru lánsbækur því þær eru eign skólans og ber nemendum að hirða vel um skólabækurnar. Þeim ber að skila í góðu ástandi í lok yfirferðar, annað hvort í lok annar eða þá að vori í lok skólaárs. Skólinn útvegar önnur námsgögn nemenda s.s. ritföng, stílabækur o.þ.h.

Nemendur í 5.-7. bekk fá afhentar spjaldtölvur til afnota í námi sínu. Allar upplýsingar varðandi spjaldtölvurnar og meðferð þeirra má nálgast á heimasíðu skólans:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

https://www.horduvallaskoli.is/is/nemendur/tolvubunadur og á heimasíðu Kópavogs á vefslóðinni: https://spjaldtolvur.kopavogur.is/

Húsnæði skólans

Skólinn starfar í Baugakór 38. Nemendur í Kóraskóla sækja kennslu í list- og verkgreinum og nokkrum valgreinum í Baugakór. Nemendur sækja íþróttatíma í Kórinn en nemendur 1. bekkjar eru einu sinni í viku í Kórnum og einu sinni í viku í sal skólans í Baugakór. Sund er kennt í Salalaug, Versölum, og í sundlauginni í Boðaþingi.

Fundaskipulag skólaársins

- Deildarfundir eru alla jafna tvisvar í mánuði og eru á fimmtudögum kl. 14:30-15:45. Einu sinni í mánuði funda fagteymi á þessum tíma og einu sinni í mánuði er fræðsla fyrir kennara. Fagleg vinna fer fram á deildarfundum og kennarar geta auk þess haft áhrif á hvaða fræðslu er boðið upp á.
- Teymi kennara eru með vikulegan fundartíma á þriðjudögum kl 14:30 og er gert ráð fyrir að þeir samráðsfundir taki klukkustund. Smærri teymi kennara skipuleggja sína fundi þar sem hentugast þykir.
- Á miðvikudögum kl. 14:30 eru námskeið fyrir starfsmenn, t.d. Læsi fyrir lífið, leiðsagnarnám eða lausnaleitarfundir.
- Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði á þriðjudögum kl. 13:30 - 14:30/15:00.
- Fundir fyrir almenna starfsmenn eru haldnir u.þ.b. einu sinni í mánuði og á þá er boðað sérstaklega. Aðstoðarskólastjóri sér um þá fundi.
- Á mánudögum er fræðsla á vegum menntasviðs Kópavogsbæjar.

Aðlögun nemenda í Kóraskóla

Þar sem nemendur útskrifast úr Hörðuvallaskóla við lok 7. bekkjar þá fer fram aðlögun að Kóraskóla í 7. bekk. Námsráðgjafi í Kóraskóla heldur utan um aðlögun nemenda ásamt stjórnendum beggja skóla. Á baráttudegi gegn einelti, 8. nóvember, hittast nemendur í 9. bekk í Kóraskóla og 7. bekk í Hörðuvallaskóla og vinna saman verkefni, spila eða njóta samveru sem er skipulögð af umsjónarkennurum. Kennarar í 7. bekk Hörðuvallaskóla og 9. bekk Kóraskóla ákveða í kjölfarið í sameiningu annan dag fyrir nemendur til að hittast og gera eitthvað uppbyggilegt saman. 7. bekkur fer einnig í heimsókn í Kóraskóla í maí og fær þá kynningu á skólanum frá námsráðgjafa, kennurum og stjórnendum Kóraskóla. Á vordögum taka nemendur í 7. bekk þátt í íþróttamóti með Kóraskóla. Þegar nemendur hefja skólavist í Kóraskóla næsta haust eiga þeir öryggi í vinabekknum sínum sem verður þá 10. bekkur ásamt því að hafa hitt kennara og aðra starfsmenn skólans og heimsótt skólahúsnæðið nokkrum sinnum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Stjórnskipulag skólans

Stjórnskipulag Hörðuvallaskóla

Í Hörðuvallaskóla er stjórn skólans skipuð skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, deildarstjóra yngsta stigs, deildarstjóra miðstigs, deildarstjóra stoðþjónustu og deildarstjóra UT sem skipta með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Skólastjórnendur

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og ber höfuðábyrgð á starfi hans, stefnu og starfsháttum. Skólastjóri annast meginumsjón með fjármálum og rekstri, starfsmannamálum, upplýsingaflæði innan stofnunarinnar, samskipti við skólayfirvöld, skólaráð og foreldrafélag. Skólastjóri er tengiliður við húsvörð, ritara, forstöðumann frístundar og annast ábyrgð á starfi frístundar.

Aðstoðarskólastjóri gegnir starfi skólastjóra í fjarveru hans og sinnir almennum verkefnum sem upp koma við stjórn skólans í samvinnu við skólastjóra. Hann heldur utanum endurmenntunaráætlun starfsmanna og innra mat skólans og annarra faglegra verkefna líkt og samþætting námsgreina og leiðsagnarnám. Hann ber ábyrgð á frístund og starfsemi eldhúss ásamt skólastjóra.

Deildarstjóri yngsta stigs fer með stjórn yfir starfi 1.- 4. bekkja. Hann sinnir auk þess öðrum faglegum verkefnum s.s. byrjendalæsi, PALS, umsýslu yfir nemendamál yngsta stigs, umsjón fagteyma, leiðsagnarnámi, samþættu námi o.fl.

Deildarstjóri miðstigs fer með stjórn með starfi 5.- 7. bekkja, annast tengsl við tónlistarskóla og fleiri aðila. Hann sinnir auk þess öðrum faglegum verkefnum s.s. PALS, umsýslu yfir nemendamálum, skólanámskrá og innleiðingu endurbættrar aðalnámskrár, umsjón fagteyma, leiðsagnarnámi, samþættu þemanámi, vali í 6. og 7. bekk o.fl.

Deildarstjóri stoðþjónustu skipuleggur stoðþjónustu stiga og eru kennurum til ráðgjafar. Hann heldur utanum ART námskeið við skólann, lestrarnámskeið og snillinganámskeið. Hann er einnig tengiliður farsældar við skólann.

Deildarstjóri UT sinnir öllu sem viðkemur tölvubúnaði og spjaldtölvum skólans auk samskipta og faglegu starfi við aðra aðila innan og utan skólans.

Húsvörður, matráður og forstöðumaður frístundar hafa mannaforráð og annast daglega verkstjórn starfsmanna sinna. Húsvörður, matráður, ritari og bókasafnskennari heyra undir skipuriti skólastjórnenda.

Umsjónarkennarar

Umsjónarkennarar veita nemendum stuðning og huga að andlegri og líkamlegri velferð þeirra í samvinnu við forsjáraðila. Þeir eru í samskiptum við foreldra og sitja fundi vegna

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

nemenda. Umsjónarkennarar hafa heildarsýn yfir nám og líðan nemenda sinna og bera ábyrgð á gerð einstaklingsáætlana, fyrir þá nemendur sem þess þurfa, ásamt stoðkennurum viðkomandi stigs. Umsjónarkennarar bera ábyrgð á aðlögun námsefnis og aðlaga aðstæður innan bekkjarins/hópsins að þörfum nemenda í samráði við aðila úr stoðþjónustu. Umsjónarkennari í samvinnu við stoðþjónustu á hverju stigi:

- hefur heildarsýn yfir nám og skólagöngu nemenda
- skipuleggur aðstæður í kennslurými
- skipuleggur hópaskiptingu nemenda út frá náms- og félagslegri stöðu nemenda
- hefur umsjón með sjónrænu skipulagi og myndrænni stundatöflu
- vinnur með markviss fyrirmæli
- annast skipulag vinnulota
- annast aðlögun námsefnis
- hefur verkstjórn með stuðningi
- hefur umsjón með upplýsingamiðlun til aðila innan skólans og utan
- situr í teymum vegna nemenda
- er í góðu foreldrasamstarfi
- sér um útfyllingu greiningargagna og hvers konar skráninga t.d. vegna skólasóknar
- kemur beiðnum um sérstakan stuðning áfram til deildarstjóra stoðþjónustu með samþykki foreldra

Faggreinakennarar (list- og verkgreinar ásamt íþróttum og sundi)

Faggreinakennarar veita öllum nemendum stuðning og huga að andlegri og líkamlegri velferð þeirra í samvinnu við umsjónarkennara og eftir atvikum foreldra. Faggreinakennarar bera ábyrgð á gerð einstaklingsáætlana ásamt umsjónarkennurum og sérkennurum viðkomandi stigs þar sem það á við. Faggreinakennarar bera ábyrgð á aðlögun námsefnis og aðlaga aðstæður innan bekkjarins/hópsins að þörfum nemenda í samráði við aðila úr stoðþjónustu. Faggreinakennari í samvinnu við umsjónarkennara og stoðþjónustu á stiginu:

- ber ábyrgð á og annast gerð einstaklingsáætlana
- annast aðlögun námsefnis
- skipuleggur aðstæður í kennslurými
- tekur þátt í að skipuleggja hópaskiptingu út frá náms- og félagslegri stöðu nemenda
- hefur umsjón með sjónrænu skipulagi og myndrænni stundatöflu
- vinnur með markviss fyrirmæli
- annast skipulag vinnulota
- hefur verkstjórn með stuðningi
- annast nauðsynlega upplýsingamiðlun til aðila innan skólans og utan

Sérkennarar, stoðkennarar og námsráðgjafi

Við Hörðuvallaskóla starfa stoðkennarar og sérkennarar sem búa yfir framhaldsmenntun og sérhæfingu í sérkennslu. Þeir starfa sem stoðkennarar í árgöngum og í námsveri skólans. Þeir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

sjá um kennslu sem felur í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum. Sérkennarar og stoðkennarar meta stöðu nemenda og gera námsáætlun í samstarfi við kennara. Þeir veita kennurum ráðgjöf varðandi nám, kennslu og námsgögn og aðstoða kennara við gerð einstaklingsnámskrár fyrir nemendur. Þeir hafa umsjón með námsgögnum sem tengjast sérkennslu og stoðkennslu. Verksvið sérkennara og stoðkennara er nokkuð mismunandi eftir því hvar þeir starfa og hvernig vinnan er skipulögð en störf þeirra geta falist í kennslu, skipulagi og stjórnun, umsjón með gögnum, ráðgjöf og vinnu við skólaþróun og rannsóknir. Meginreglan er sú að þegar sérkennari kemur að málum nemenda er yfirleitt til staðar einstaklingsnámskrá sem unnið er eftir.

Kennarar sem starfa í námsverum eða inni í kennslustofum við stuðningskennslu nemenda en hafa ekki yfir að ráða sérmenntun í sérkennslu köllum við stoðkennara. Hlutverk þeirra er að styðja við nám nemenda á ýmsan hátt án þess að um sé að ræða einstaklingsnámskrá. Mikilvægt er hins vegar að skilgreint sé hvert hlutverk stoðkennara er gagnvart námi nemenda. Því þurfa að liggja fyrir tilvísanir til stoðþjónustu sem hafa verið afgreiddar á fundi á viðkomandi stigi áður en stoðkennari kemur að málum nemenda. Hlutverk sérkennarar og stoðkennarar í samvinnu við aðra er meðal annars að:

- veita ráðgjöf varðandi nemendur með sérþarfir
- veita ráðgjöf varðandi skipulag kennslu, kennslurýmis og námsefnis
- hafa heildarsýn yfir nám og skólagöngu nemenda með sérþarfir
- aðstoða við gerð einstaklingsáætlana og veita ráðgjöf
- skipuleggja aðstæður í kennslurýmum
- hafa umsjón með sjónrænu skipulagi og myndrænni stundatöflu fyrir einstaka nemendur og veita ráðgjöf
- vinna með markviss fyrirmæli
- annast aðlögun námsefnis
- hafa umsjón með upplýsingamiðlun til aðila innan skóla og utan varðandi nemendur með sérþarfir
- sitja í teymum vegna nemenda
- bera ábyrgð á foreldrasamstarfi í samvinnu við umsjónarkennara
- aðstoða við útfyllingu greiningargagna

Við skólann starfar námsráðgjafi sem starfar náið með kennurum skólans. Námsráðgjafi annast m.a. umsjón með gerð og framkvæmd jafnréttis- og forvarnaráætlana, heldur utan um ástundun nemenda, eineltisteymi skólans ásamt því að vera talsmaður nemenda.

Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúar eru hluti af stoðþjónustu skólans. Þeir aðstoða kennara við að sinna nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar að því að auka færni og sjálfstæði nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Stuðningsfulltrúar starfa innan árganga og stoðkerfis. Hlutverk stuðningsfulltrúa~~r~~ er að:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- vinna í samvinnu við kennara og aðra starfsmenn skólans
- aðstoða nemendur við daglegar athafnir og þátttöku í skólastarfi
- aðstoða nemendur við að ná settum viðmiðum samkvæmt skólanámskrá/einstaklingsnámskrá undir leiðsögn kennara
- ýta undir færni og sjálfstæði nemenda í námi og daglegum athöfnum t.d. með því að hvetja þá til að gera sem mest sjálfa með jákvæðri styrkingu
- aðstoða nemendur við að fylgja settum reglum um hegðun, umgengni og vinnubrögð
- aðstoða nemendur við að klæðast, matast og aðrar athafnir daglegs lífs
- styður nemendur í félagslegum samskiptum í skólastarfinu
- fylgir nemendum eftir á ferðum þeirra um skólann, í frímínútum, í íþróttum og sundi og í vettvangsferðum
- sitja tilfallandi fundi
- annast önnur störf sem honum kunna að verða falin

Listi yfir starfsfólk og starfsheiti þess í skólanum

Nafn	Starfsheiti
Aðalsteinn Sverrisson	Kennari
Alexander Holoyad	Kennari
Alla Plugari	Skólaliði
Andrea Marie Kristine Jacob	Leiðbeinandi
Andri Hjartar Grétarsson	Kennari
Ari Jóhannsson	Kennari
Arna Lind Arnórsdóttir	Kennari
Auður Svavarsdóttir	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Axel Ragnar Lúðvíksson	Stundakennari
Ágúst Ólafsson	Kennari
Áróra Sjöfn Sveinsdóttir	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Ása V. Sigurðardóttir	Kórstjóri
Ásdís Ýr Ólafsdóttir	Kennari
Bára Ósk Georgsdóttir	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Bergþóra Guðmundsdóttir	Kennari
Birta Breiðdal	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Bjarni Harðarson	Stundakennari
Brynhildur Olga Haraldsdóttir	Kennari
Daði Arnarsson	Leiðbeinandi
Dagný Annasdóttir	Talmeinafræðingur
Dagur Pálsson	Kennari
Elísa Guðbjörg Erludóttir	Frístundaleiðbeinandi
Erla Margrét Leifsdóttir	Kennari
Erlendur Egilsson	Skólasálfræðingur
Eyjólfur Kristopher Kolbeins	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Fjóla Katrín Óskarsdóttir	Kennari
Guðbjörg Þórisdóttir	Kennari
Guðdís Guðjónsdóttir	Kennari

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026


Guðmundur Kjartansson	Húsvörður
Guðný Guðleif Einarsdóttir	Kennari
Guðríður Elsa Einarsdóttir	Skólaritari
Harpa Rut Ingólfsdóttir	Stundakennari
Hákon Fannar Steinarsson	Frístundaleiðbeinandi
Hildur Karen Einarsdóttir	Kennari
Hildur Margrét Jónasdóttir	Deildarstjóri yngsta stigs
Hildur Sigurðardóttir	Matráður
Hosni Kaware	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Hrafnhildur Hauksdóttir	Stuðningsfulltrúi
Hrefna Karen Stefánsdóttir	Frístundaleiðbeinandi
Hugrún Brynhildur Haraldsdóttir	Kennari
Ingibjörg Þ. Hjaltadóttir	Kennari í alþjóðaveri
Irpa Sjöfn Gestsdóttir	Kennari
Íris Björk Eysteinsdóttir	Aðstoðarskólastjóri
Ísak Rafn Pálsson	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Jadwiga Jolanta Najda	Skólaliði í eldhúsi
Jóhanna Gísladóttir	Kennari
Jóhanna Kristín Arnberg	Deildarstjóri upplýsingatækni
Jón Guðni Fjóluson	Leiðbeinandi
Jónea Haraldsdóttir	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Karen Kjartansdóttir	Námsráðgjafi
Karl Jóhann Jónsson	Myndmenntakennari
Kristín Arnardóttir	Kennari
Kristín G. Friðbjörnsdóttir	Deildarstjóri stoðþjónustu
Kristjana Björnsdóttir	Kennari
Kristófer Jón Stefánsson	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Leifur Leifsson	Kennari
Lilja Ósk Sigmarsdóttir	Leiðbeinandi
Magðalena Ólafsdóttir	Leiðbeinandi
Magnea Helga Magnúsdóttir	Skólaliði
Magnhildur Ósk Magnúsdóttir	Skólahjúkrunarfræðingur
Margrét Áslaug Heiðarsdóttir	Stundakennari
Marina Shulmina	Kennari
Marlena Malwina Skuza	Skólaliði í eldhúsi
Matthildur Þorvaldsdóttir	Kennari
Mürüvvet Basaran	Kennari
Orri Steingrímsson	Leiðbeinandi
Osmara R. Gomes M. Maia	Skólaliði
Ólöf Gísladóttir	Kennari
Rakel Steingrímsdóttir	Kennari
Rán Árnadóttir	Kennari
Sara Liang Wessman Knútsdóttir	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Sif Stanleysdóttir	Kennari
Sigríður Andrésdóttir	Kennari
Sigríður H. Guðmundsd.	Kennari

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Sigríður Theodóra Egilsdóttir	Kennari
Sigrún Ólöf Ingólfsdóttir	Skólastjóri
Sigurlaug Margrét Hafþórsdóttir	Leiðbeinandi
Sigurrós Jóna Oddsdóttir	Forstöðumaður bókasafns
Sigurveig Halldórsdóttir	Kennari
Sindri Már Ágústsson	Félagsmiðstöðin Kúlan
Stefanía Ósk Árnadóttir	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Stefán Andri Stefánsson	Kennari
Sunneva Jónsdóttir Snæhólm	Skólaliði
Thelma Lind Antonsd. Arelakis	Forstöðumaður frístundar
Tinna Ástrún Grétarsdóttir	Deildarstjóri miðstigs
Unnur Helga Óttarsdóttir	Kennari
Unnur Sveinsdóttir	Kennari
Victor Örn Victorsson	Kennari
Þóra Þorvaldsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Þóra Þórhallsdóttir	Kennari
Þóranna Bjartey Bergmann Vilborgardóttir	Aðstoðarforstöðumaður frístundar
Þórdís Guðný Magnúsdóttir	Kennari
Þórunn Helga Þorvalsdóttir	Kennari
Þórunn Kristjánsdóttir	Kennari

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skóladagatal 2025 - 2026



Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 lögbundnir skóladagar nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Skýringar við skóladagatal

Hér að ofan er að finna skóladagatal skólaársins eins og það var samþykkt af skólaráði. Hér á eftir er að finna nánari útskýringar á því.

- 15.-22. ágúst. Endurmenntunar- og skipulagsdagar. Þessa daga eru starfsmannafundir, skipulagsfundir, undirbúningur kennslu og móttaka nýrra nemenda, námskeið og fleira.
- 25. ágúst. Skólasetning. Formleg skólasetning á sal skólans fyrir nemendur 2.-7. árgangs og síðan fara nemendur með umsjónarkennurum í sínar heimastofur. Í 1. árgangi koma nemendur með foreldrum sínum í 15-20 mínútna skólaboðunarviðtal til umsjónarkennara. Þar eru lagðar línur vegna komandi vetrar. Nemendur og foreldrar/forsjáraðilar fá kynningu á starfinu fram undan. Stundatöflur afhentar og önnur gögn. Foreldrar fá þá einnig tækifæri til að koma á framfæri upplýsingum.
- 26. ágúst. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá.
- 10. október. Skipulagsdagur. Frístund er opin.
- 13. – 17. október. Foreldra- og nemendaviðtöl. Allir nemendur eru boðaðir í viðtal við umsjónarkennara ásamt foreldrum/forsjáraðilum þar sem farið er yfir þann tíma sem búinn er og litið fram á veginn.
- 27.- 28. október og 19.- 20. febrúar eru vetrarleyfi. Frístund er lokuð í vetrarleyfum.
- 12. nóvember. Skipulagsdagur. Undirbúningur kennslu. Frístund lokuð.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- 19. desember. Jólaskemmtun. Dagskrá á sal. Sveigjanleg stundaskrá og skertur skóladagur. Frístund opin eftir að jólaskemmtun lýkur.
- Jólaleyfi nemenda er frá og með 20. desember til og með 4. janúar. Frístund er opin virka daga í jólaleyfi.
- 5. janúar. Skipulagsdagur. Fundahöld og undirbúningur. Frístund opin.
- 28. janúar. Foreldra- og nemendaviðtöl. Allir nemendur eru boðaðir í viðtal við umsjónarkennara ásamt foreldrum/forsjáraðilum þar sem farið er yfir þann tíma sem búinn er og litið fram á veginn.
- 5. mars. Öskudagur. Skertur skóladagur. Skipulögð dagskrá fram að hádegi. Sveigjanleg stundaskrá. Frístund opin eftir það.
- 12. mars. Skipulagsdagur. Frístund lokuð.
- 24.-27. mars. Þemadagar eru uppbrotsdagar þar sem hefðbundið skólastarf er brotið upp og unnið að ákveðnu þemaverkefni þvert á skólann. Dögunum lýkur með páskafjöri.
- Páskaleyfi nemenda er frá og með 28. mars. - 6. apríl. Frístund er opin virka daga í páskaleyfi.
- 15. maí. Skipulagsdagur. Frístund opin.
- 5. - 10. júní. Vordagar sem eru skertir skóladagar. Á þessum dögum er komin hefð á ákveðna dagskrá sem innifelur svokallaða Hörðuvallaleika og gönguferð í Guðmundarlund með grilli og leikjum. Sveigjanleg stundaskrá er báða vordagana. Frístund opin eftir það.
- 10. júní. Skólaslit. Sveigjanleg stundaskrá.
- 11. – 12. júní. Skipulagsdagar kennara. Frágangur og uppgjör á skólaárinu.
- 31. október (Hrekkjavaka), 7. nóvember (Baráttudagur gegn einelti), 20. nóvember (dagur mannréttinda barna), 1. desember (fullveldisdagurinn), 15. desember (fjölgreindaleikar), 2. febrúar (barnaþing), 10. júní (skólahlaup). Allir þessir dagar eru uppbrotsdagar. Á uppbrotsdögum er hefðbundið skólastarf brotið upp og sveigjanleg stundaskrá.

Athugasemd [SB3]: Ekki í samræmi við skóladagatal (sjá ofar)

Athugasemd [SB4]: Ekki samræmi við skóladagatal

Athugasemd [SB5]: Á þetta að vera 5.-9. júní?

Athugasemd [SB6]: Alla þrjá dagana??

Tilhögun kennslu

Skipulag kennslu og kennsluáætlanir

Kennarar í hverjum árgangi og sérgreinakennarar, skipuleggja skólastarfið í samræmi við skólanámskrá Hörðuvallaskóla og Aðalnámskrá grunnskóla.

Lögð er áhersla á að nemandinn sé á hverjum tíma vel upplýstur um þau námsmarkmið eða hæfni sem honum er ætlað að ná og hvaða tíma og bjargir hann hefur til þess. Því þarf nemandinn (og foreldrar/forsjáraðilar hans), að hafa aðgang að vel framsettum námsáætlunum þar sem markmiðum og leiðum er vel lýst. Námsáætlanir eru vistaðar í Mentor-kerfinu og eru þar aðgengilegar fyrir foreldra og nemendur. Foreldrar geta haft

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

samband við viðkomandi kennara með tölvupósti og fengið námsáætlanir barna sinna sendar ef óskað er. Á miðstigi er einnig notað Google-skólaumhverfið til miðlunar námsefnis og verkefna, til verkefnaskila o.fl. Áhersla er á að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar og miði að því að efla bæði sjálfstæði og samvinnuhæfni nemenda.

Til að hvetja til lestrar og auka lestrarfærni nemenda er verið að innleiða PALS fyrir alla nemendur skólans. Yngstu tveir árgangar skólans hafa notað aðferðina síðastliðin tvö ár með góðum árangri og sjáum við aukna færni nemenda í lestri. Áhersla verður á aðferðina í öllum árgöngum skólans í vetur auk Byrjendalæsis á yngsta stigi. Lögð er áhersla á í skólanum að nemendur lesi sér til gagns og ánægju á hverjum degi í skólanum í samræmi við lestrarstefnu skólans og tekin eru skimunarpróf skv. henni.

Stuðningur við nemendur í skóla án aðgreiningar

Allir nemendur eiga rétt á skólavist í sínum hverfisskóla. Skóli án aðgreiningar, þar sem gert er ráð fyrir nemendum með fjölbreyttar þarfir. Í Hörðuvallaskóla er leitast við að mæta þörfum hvers og eins, eins og kostur er. Boðið er uppá fjölbreyttar námsaðstæður í stórum og/eða litlum námshópum innan árgangsins. Stoðkennari er í misstóru starfshlutfalli í öllum árgöngum sem gefur teyminu tækifæri til að skipta nemendahópnum upp á mismunandi hátt eftir þörfum þeirra með inngildingu allra að leiðarljósi. Einstaka börn fá aðstoð í námsveri skólans x-inu, sem er fyrir nemendur með sérstakar áskoranir tengdar námi, tilfinningastjórn, hegðun, skynjun og fleira og þurfa þess vegna sértækt lærdómsumhverfi. Í X-inu eiga nemendur fasta tíma sem geta verið allt frá 40 mínútum á viku upp í stóran hluta hvers skóladags. Margir nemendur eru með virk teymi til skemmri eða lengri tíma. Í nemendateymum eru foreldrar, kennarar, stjórnendur og aðrir sérfræðingar eftir því sem við á. Haldnir eru reglulegir teymisfundir þar sem farið er yfir það sem vel gengur og ræddar hugmyndir að því sem má betur fara. Ávallt eru hagsmunir nemenda hafðir að leiðarljósi.

Fyrirkomulag kennslu í íslensku sem annað tungumál

Í skólanum er starfandi ÍSAT-ver fyrir nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál. Í ÍSAT-veri starfa þrír kennarar með sérþekkingu á að kenna íslensku sem annað tungumál. Nemendur sem eru nýkomnir til landsins og hafa litla sem enga íslenskukunnáttu stunda nám að mestu leyti í ÍSAT veri fyrstu vikurnar í skólanum. Það fer eftir framförum hvers og eins og aðlögunarhæfni hversu hratt og vel gengur að aðlaga nemendur í bekk. Þegar nemandi er að mestu aðlagaður í bekk á hann fastan tíma í ÍSAT-veri og ÍSAT kennarar styðja auk þess umsjónarkennara í móttöku. Aðrir nemendur skólans með íslensku sem annað mál eiga einnig fasta tíma í ÍSAT-veri allt frá því einum tíma á viku upp í fjölmarga en það fer eftir hæfni nemandans.

Stefna skólans og sérstakar áherslur í námi

Í Hörðuvallaskóla einkennist nám og kennsla af áhugaverðum og markvissum verkefnum. Hörðuvallaskóli er teymiskennsluskóli. Það þýðir að kennarateymi hvers árgangs ber

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

sameiginlega ábyrgð á námi árgangsins og nemendum hans. Kennarar vinna þétt saman að undirbúningi kennslu og horft er á hvern árgang sem eina heild. Horft er á þróun teymiskennslu með tillit til inngildingar og farsældar nemenda. Í Hörðuvallaskóla er mikil áhersla á læsi. PALS, G-PALS og K-PALS eru þær lestraraðferðir sem farið er eftir í lestrarkennslu auk byrjendalæsis á yngsta stigi. Einnig er lögð áhersla á heimalestur og ýmiss konar lestrarátök og yndislestur og eru lestrarklúbbar starfræktir á skólaárinu.

Leiðsagnarnám og samþætting námsgreina í gegnum þemanám er orðið hluti af starfi skólans. Nemendur hafa tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og eiga gagnrýna samræður um það. Nemendur eru meðvitaðir um hvert er stefnt og fá markvissa endurgjöf frá kennurum á leiðinni í anda leiðsagnarnáms. Í Hörðuvallaskóla er lögð áhersla á að nemendur fái að rækta styrkleika sína og vinna á skapandi hátt þar sem það ýtir undir áhugahvöt nemenda. Draumagerðarsmiðjan var opnuð fyrir tveimur árum en þar læra nemendur að vinna verkefni á skapandi hátt með aðstoð tækni. Markmið hennar er að skapa nemendum fjölbreytt námsumhverfi, hvetja til frumkvæðis, sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar auk þess að efla hæfni nemenda til að þróa hugmyndir og verkefni. Framtíðarsýn fyrir Draumagerðarsmiðju er að nemendur í samþættu þemanámi geti unnið og útfært verkefni sín að hluta í Draumagerðarsmiðju út frá eigin styrkleikum og áhugasviði. Ýmis búnaður Draumagerðarsmiðju er þjálfaður í hefðbundinni snillismiðju sem er hluti af list- og verknámi skólans.

Í Hörðuvallaskóla er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem stöðvavinna, könnunarnám, verkbundið nám og spjaldtölvunám fer fram. Námskeið eru haldin fyrir kennara um fjölbreyttar kennsluaðferðir auk þess sem allir kennarar fara í heimsóknir og áhorf hjá öðrum kennurum á skólaárinu til að fá nýjar hugmyndir og ígrunda kennsluhætti sína. Þar er lögð áhersla á fjóra þætti: það sem er jákvætt í kennslustundinni, það sem kennarann langar að prófa í sinni kennslu, það sem er jákvætt í kennsluumhverfinu og það sem kennarinn tekur eftir í samskiptum/samræðum nemenda. Unnið er markvisst með stafræna borgaravitund þar sem netnotkun, gagnrýnin hugsun og samskiptahæfni í stafrænu umhverfi er kennd og þjálfuð ásamt því að nemendur vinna verkefni í upplýsingalæsi.

Hörðuvallaskóli er heilsueflandi skóli og auk hefðbundinna útivista eru sumir árgangar með auka útitíma á viku, míluhlaup og fleira í þeim dúr. Kennarar eru hvattir til að nota núvitund í kennslustofum og hefur skólinn safnað saman núvitundaræfingum sem hægt er að nota. Skólahlaup Hörðuvallaskóla er haldið að vori auk Hörðuvallaleika þar sem nemendur fá að spreyta sig í ýmsum íþróttagreinum.

Bókasafn/UT

Bókasafn Hörðuvallaskóla er staðsett í miðrými skólans. Á bókasafninu starfar forstöðumaður bókasafns. Allir nemendur geta tekið bækur til heimaláns í 3 vikur. Bókakostur er vaxandi og reynt eftir fremsta megni að kaupa inn nýjar barna- og unglingabækur ásamt því að viðhalda safnkostinum. Bókasafnið tekur við bókagjöfum en áskilur sér rétt til að velja úr hvað fer inn í safnkostinn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Deildarstjóri upplýsingatækni hefur umsjón með spjaldtölvukosti skólans en allir nemendur í fá afhentar spjaldtölvur til afnota. Nemendur í 5. – 7. bekk hafa póstfang frá Kópavogsbæ og aðgengi að gagnavistun í skýi. Deildarstjórinn getur á hvaða tíma sem er skoðað gögn nemenda. Öflugt þráðlaust net er í skólahúsnæðinu sem gefur nemendum tækifæri til að vinna á fartölvur eða spjaldtölvur. Nemendur nýta margskonar námsforrit í námi sínu með leiðsögn kennara.

Námsmat

Námsmat felst annars vegar í því að gera nemendum ljós markmið námsins og hvaða kröfur eru gerðar til þeirra sem og að veita þeim endurgjöf sem hvetur þá til að nýta hæfileika sína og styrk til fullnustu í anda leiðsagnarmats. Hins vegar felst námsmatið í því að meta stöðu nemenda í lok ákveðins tímabils, lokamat.

Námsmat Hörðuvallaskóla fer fram jafnt og þétt á námstíma nemenda og er órjúfanlegur hluti náms og kennslu. Í skólanum eru allir þættir námsins metnir miðað við hæfniviðmið Aðalnámskrár. Lögð er áhersla á að hafa matsaðferðir fjölbreyttar og að þær hæfi þeim viðfangsefnum sem verið er að meta. Eins eru þau verkefni sem valin eru til mats fjölbreytt og í samræmi við kennslutilhögun.

Símat, sjálfsmat og jafningjamat eru einnig vinnubrögð í námsmati sem geta flokkast undir leiðsagnarnám.

Leiðsagnarnám

Í Aðalnámskrá grunnskóla er hvatt til þess að leiðsagnarnám sé hluti námsmats skóla. Leiðsagnarnám fer fram í daglegu starfi í kennslustundum og hefur það markmið að styðja markvisst við nemendur til að gera þeim kleift að ná enn betri árangri í námi sínu. Leiðsagnarnám er í raun ákveðin námsmenning sem sköpuð er í kennslustofunni með ákveðnu skipulagi þar sem markviss og gagnvirk samskipti um námið fara fram. Eitt af markmiðum leiðsagnarnáms er að gera nemendur meðvitaðri og virkari í námi sínu.

Í kennslustofum þar sem námsmenning leiðsagnarnáms ríkir:

- Eru nemendum ljós markmið kennslustundar/verkefnis.
- Eru viðmið um árangur kennslustundar/verkefnis skilgreind.
- Er nemendum gefin markviss endurgjöf sem tekur mið af þeim viðmiðum sem sett voru með kennslustund/verkefni. Endurgjöfin er gefin þegar nemandi er viðstaddur og hann þarf að fá tækifæri til að vinna úr henni strax svo hún skili árangri.
- Fá nemendur tækifæri til að ræða um nám sitt, hvert við annað og við kennarann.
- Er litið á mistök sem lærdómstækifæri.

Leiðsagnarmat felur aldrei í sér dóm heldur nýtist nemendum sem varða á leið sinni í lærdómsferlinu, þrautseigju er gert hærra undir höfði með því að vinna hratt og undir getu. Í gegnum leiðsagnarmat fá nemendur jafnt og þétt vitnisburð um eigið nám út frá viðmiðum um árangur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Símat

Símat er mat sem fer fram jafnt og þétt, það vísar til tíðni, þ.e. hversu oft er metið. Símat sem ekki hefur markviss leiðbeinandi áhrif fellur ekki undir leiðsagnarnám. Símat getur fallið undir lokamat ef því er safnað saman í þeim tilgangi að láta meðaltal allra skipta sem metið var enda sem lokamat.

Sjálfsmat

Sjálfsmat er mat þar sem nemandinn metur sjálfur eigin frammistöðu. Ef sjálfsmat byggir á skýrum viðmiðum um árangur og nemendur fá tækifæri til að vinna úr því þá getur það verið hluti af leiðsagnarnámi. Sjálfsmat getur einnig verið hluti af lokamati.

Jafningjamat

Jafningjamat er mat þar sem nemendur meta verk hvers annars. Ef jafningjamat byggir á skýrum viðmiðum um árangur og nemendur fá tækifæri til að vinna úr því þá getur það verið hluti af leiðsagnarnámi. Jafningjamat getur einnig verið hluti af lokamati.

Frammistöðumat

Námsmat er almennt byggt á hæfniviðmiðum aðalnámskrár og lokamat tekur mið af þeim. Nemendur í 1.- 4. bekk eru metnir með hliðsjón af hæfniviðmiðum við lok 4. bekkjar og nemendur í 5.- 7. bekk eru metnir með hliðsjón af hæfniviðmiðum við lok 7. bekkjar. Að vori draga kennarar saman hæfnikort nemenda í hverjum árgangi og birta foreldrum sem frammistöðumat í hverri námsgrein. Nemendur sem ljúka 4. og 7. bekk fá lokamat sem byggir á hæfnikortum nemenda með hliðsjón af matsviðmiðum við lok 4. og 7. bekkjar.

Mati á námsframvindu með hliðsjón af hæfniviðmiðum er safnað saman á svokölluð hæfnikort nemenda sem eru aðgengileg í Mentor. Nemendur og foreldrar eru upplýstir sérstaklega um stöðu námsmats í lok hverrar annar ásamt upplýsingum um frammistöðu nemenda á tímabilinu.

Heimanám

Það er stefna skólans að setja nemendum daglega fyrir heimanám í formi lestrar og á það við um öll aldursstig skólans. Gert er ráð fyrir að allir nemendur skólans lesi heima fyrir foreldra á hverjum virkum degi. Auk lestrarins geta kennarar sett fyrir hóflega heimavinnu með það að markmiði að auka tengsl heimilis og skóla og gefa foreldrum innsýn í nám barna sinna. Foreldrar/forsjáraðilar eru minntir á að þeir bera ábyrgð á námi barna sinna, sbr. 15. gr. laga um grunnskóla nr.91/2008.

Stöðluð próf

Skólar eiga aðgang að greinandi prófum og öðrum mælitækjum sem auðvelda könnun á tilteknum þáttum náms og kennslu. Stöðluð lestrarpróf, stærðfræðipróf, hreyfiþroskapróf, lesskimunarpróf (sem spá fyrir um hugsanlegan lestrarvanda), staðlaðir spurningalistar og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

fleiri slík mælitæki reynast oft gagnleg hjálpartæki til að greina erfiðleika snemma á skólagöngunni og auka þannig líkur á að ráða megi bót á vandanum með skipulegum aðgerðum. Matsferill, stöðu- og framvinduprof í lesskilningi og stærðfræði verða lögð fyrir nemendur 3.-7. árgangs. Matsferill er ætlaður til þess að fylgjast með námsframvindu nemenda með það að markmiði að auðvelda starfsfólki að mæta hverju barni þar sem það er statt hverju sinni, með kennslu og námsgögnum við hæfi.

Starfsáætlun nemenda

Skóladagur hefst kl 8:15 hjá 1.- 5. árgangi og kl 8:30 hjá 6.- 7. árgangi. Kennslu lýkur á mismunandi tíma eftir dögum og aldri nemenda en kennslulok eru á bilinu kl. 13:00-14:30. Á Mentor má sjá stundaskrá hvers bekkjar. Frístund er opin frá kl. 13:00 eða á þeim tíma sem kennslu nemenda í 1.- 4. bekk lýkur.

Skipting kennslutíma eftir fögum

Áætluð skipting vikulegs kennslutíma í mínútum eftir námssviðum. Skólinn leggur áherslu á samþætt nám og því er þessi tímafjöldi aðeins til viðmiðunar.

Námsgreinar Námssvið	1.-4. bekkur Heildartími, mínútur á viku	5.-7. bekkur Heildartími, mínútur á viku	Vikulegur kennslutími Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	8,33%

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Námsgreinar Námssvið	1.-4. bekkur Heildartími, mínútur á viku	5.-7. bekkur Heildartími, mínútur á viku	Vikulegur kennslutími Hlutfall
Skólaíþróttir	480	360	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	11,46%
Stærðfræði	800	600	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	2,68%
Til ráðstöfunar /val	300	160	9,90%
Alls	4.800	4.200	100%

Helstu viðburðir skólaársins

Hér á eftir er að finna yfirlit yfir helstu viðburði sem fram fara í skólanum á skólaárinu.

Hrekkjavaka, 31. október, er uppbrotsdagur í Hörðuvallaskóla. Þetta er í fyrsta sinn sem dagurinn er óhefðbundinn. Dagurinn verður brotinn upp og nemendur mæta í búning, þeir sem vilja. Skipulag dagsins verður í höndum viðburðarteymis og nemenda í 7. árgangi.

Baráttudagur gegn einelti er 8. nóvember. Fyrir þann dag vinna nemendur verkefni sem miða að fræðslu um einelti. Á baráttudegi gegn einelti hittast vinabekkir og vinna saman að verkefni sem undirbúið er af kennurum. Þessi dagur er samvinnudagur 7. bekkjar Hörðuvallaskóla og 9. bekkjar Kóraskóla sem eru vinabekkir til að hjálpa til við aðlögun í nýjan skóla. Vinabekkir hittast einnig á öðrum degi sem kennarar ákveða til að efla tengsl á milli nemenda og kennara.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Hefð er fyrir því í Hörðuvallaskóla að minnast fullveldisdagsins með dagskrá 1. desember. 1. og 3. árgangar eru með sýningu á sal fyrir foreldra og þeim í kjölfarið boðið í kennslustofur til að líta á verkefni sem unnin hafa verið.

Síðasta skóladag fyrir jól er jólaball. Nemendur í 6. bekk sýna helgileik, kór skólans syngur, nemendur úr Skólahljómsveit Kópavogs leika nokkur lög, óvæntur gestur lítur oftast við og gengið er í kringum jólatré.

Öskudagur er óhefðbundinn dagur í Hörðuvallaskóla. Mæting í skólann er samt á hefðbundnum tíma. Mælst er til að allir mæti í furðufötum eða grímubúningi, bæði börn og fullorðnir. Dagskrá er á sal skólans, kötturinn sleginn úr tunnunni, ýmis afþreying og tilboð eru á svæðum víðsvegar um skólann og í lok skóladags er síðan diskótek í salnum. Skipulagðri dagskrá lýkur um kl. 12:00.

Þrír dagar að vori eru svokallaðir vordagar. Daginn fyrir vordagana er skólahlaup. Á síðastliðnu skólaári var hlaupið haldið í fyrsta sinn með góðum árangri. Nemendur fengu tækifæri til að ganga eða hlaupa ákveðna vegalengd í hverfinu. Vordagarnir hefjast síðan daginn eftir skólahlaupið. Þetta eru skóladagar með óhefðbundinni dagskrá, þ.e. hefðbundin stundaskrá er lögð til hliðar. Skólahald hefst ~~báða~~ alla dagana kl. 8:30. Fyrri tvo dagana eru Hörðuvallaleikar, sem eru íþróttaleikar, annars vegar fyrir yngsta stig og hins vegar fyrir miðstig og er hluti af því UNICEF hlaup. Síðasta vordaginn ganga allir nemendur skólans ásamt starfsfólki upp í Guðmundarlund. Þar er farið í leiki, grillaðir hamborgarar, sunginn fjöldasöngur og loks gengið heim í skóla aftur. Skóladegi lýkur um kl 12:00. Markmiðið er að allir í skólanum eigi saman ánægjulega samveru og njóti náttúrunnar í nágrenni skólans.

Leitast er við að brjóta upp hefðbundna kennslu þegar tilefni gefst til s.s. á degi íslenskrar tungu, ~~dagur~~ degi mannréttinda barna, degi stærðfræðinnar, degi íslenskrar náttúru og degi bókarinnar. Í flestum tilvikum er slíkt uppbrot inni í bekkjum undir stjórn umsjónarkennara.

Í ár verða fjölgreindaleikar haldnir í fyrsta skipti í desember þar verður nemendum skipt í hópa þvert á árganga og fara um skólann að leysa þrautir ogað verkefni sem reyna á fjölgreindir nemenda. Einnig verður barnaþing haldið í byrjun febrúar. Þar gefst nemendum tækifæri til að tjá sig um það sem betur má fara og það sem þau eru ánægð með í skólanum eða sveitarfélaginu.

Vettvangsferðir eru farnar í hverjum árgangi. Ýmist er farið í styttri eða lengri ferðir. Magnúsarlundur og Guðmundarlundur eru mikið nýttir í vettvangsferðir. Einnig er bókasafn Kópavogs mikið sótt ásamt ýmiskonar viðburðum sem eru í boði hverju sinni. Á hverju ári fer 7. árgangur í skólabúðir að Reykjum í Hrútafirði.

Nemendaviðtöl

Nemendaviðtöl eru 13.-17. október eftir að kennslu lýkur og nemendastýrð foreldraviðtöl 28. janúar. Í nemendaviðtali í október er farið yfir námslega stöðu nemenda, líðan og annað sem mikilvægt er að ræða. Í nemendastýrðum viðtölum í janúar er nemandinn búinn að undirbúa

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

kynningu á námsefni og námslegri stöðu sinni sem hann kynnir fyrir foreldrum sínum ásamt umsjónarkennara. Auk framangreindra formlegra viðtalstíma geta foreldrar að sjálfsögðu óskað eftir viðtölum við kennara eða stjórnendur. Reglulega eru teymisfundir þar sem foreldrar og starfsfólk skólans fjallar um málefni einstakra nemenda.

Val á miðstigi

Á þessu skólaári var ákveðið að bjóða upp á val í 6. og 7. árgangi. Valtíminn er á þriðjudögum og er í 60 mínútur í senn. Nemendur fá tækifæri til að vinna saman í fjölbreyttum hópum þar sem áhugi, sköpunargleði og samstarf eru í forgrunni. Nemendur vinna í hópum með 13–14 þátttakendum og stendur hver vallota yfir í 4–5 vikur í senn. Markmiðið er að skapa lifandi og fjölbreytt nám þar sem allir fá að njóta sín og styrkja eigin hæfileika.

Lögð er áhersla á að nemendur fái að skoða eigin áhugasvið og finna leiðir til að efla styrkleika sína. Þeir fá að taka þátt í verkefnum sem hvetja til sjálfstæðis, frumkvæðis og sköpunargleði, ásamt því að læra að vinna saman og miðla hugmyndum.

Með þessu móti aukast samskipti milli nemenda, gleði og ánægja í skólastarfi. Áherslan er á að skapa jákvætt og hvetjandi umhverfi þar sem fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar og allir finna verkefni sem veita þeim áhuga og innblástur. Í valinu var boðið uppá skrautskrift, spænsku og spænska matargerð, skák, hár og sköpun, borðspil, teiknað í Ipad, skapandi matreiðslu , sköpun í snjalltæki, sögugerð og stuttmyndagerð.

Skólabragur og skólareglur

Skólabragur

Í Hörðuvallaskóla er sterkt og gott skólasamfélag. Nemendur skólans fá tækifæri til að rækta styrkleika sína og við viljum útskrifa ábyrga, sjálfstæða, sjálfsörugga og samskiptahæfa nemendur. Skólinn er eftirsóttur vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk og nýtur álits fyrir framsækið og þróttmikið starf. Samskipti innan skólans eru uppbyggileg og einkennast af gagnkvæmri virðingu. Markvisst er unnið að því að efla og bæta skólabrag og skólamenningu þannig að allir nemendur fái að vera þeir sjálfir, öruggir og lausir við áreitni. Skólinn leggur áherslur á jákvæðan skólabrag. Skólinn vinnur eftir uppbyggingarstefnunni, uppeldi til ábyrgðar, uppbygging sjálfsaga. Uppeldi til ábyrgðar ýtir undir jákvæðan sjálfsaga, ábyrgð og jákvæða sjálfsmynd nemenda. Allir umsjónarhópar vinna bekkjar- og spjaldtölvusáttmála, verkefni um mitt og þitt hlutverk auk þess sem unnið er með þarfir hvers og eins. Nemendur læra um sáttarborð og fá verkfæri til að leysa úr ágreiningi sjálfir með stuðningi kennara. Einnig eru bekkjarfundir í hverri viku í öllum námshópum eftir aðferðarfræði um jákvæðan aga. Útivinir ýta einnig undir jákvæðan skólabrag en þar fá eldri nemendur þjálfun í að stýra leikjum í útivist hjá yngri nemendum. Danspartý eru haldin reglulega á morgnana áður en skóli hefst þar sem komið er saman á göngum skólans, hlustað á tónlist og nemendur og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

kennarar dansa saman og færa gleði inn í daginn. Að auki er skólinn í samstarfi við leikskóla í hverfinu varðandi vináttuverkefni á vegum Barnaheilla. Foreldrum í 1. áÁrgangi er einnig boðið upp á foreldranámskeið sem unnið er í samstarfi við Barna- og menntamálaráðuneytið og Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu og heitir Föruneyti barnsins og hafa kennarar og stjórnendur skólans aflað sér réttinda til að kenna á námskeiðinu sem heitir Tengjumst í leik (e. Invest in Play) sem byggir á rannsóknum og gagnreyndum aðferðum og var það haldið í fyrsta sinn á síðasta skólaári. Foreldrar mæta á námskeiðið í 12 skipti, í 1 ½ tíma í senn þar sem markmiðið er að valdefla foreldra og forsjáraðila og styðja við farsæld barna.

Í fyrra var haldinn opinn skólaráðsfundur sem var vinnufundur þar sem forsjáraðilar unnu með skólanum að því að stuðla að jákvæðum skólabrag. Þar veltum við því fyrir okkur hvað foreldrar, starfsfólk og nemendur geta gert til að ýta undir jákvæðan skólabrag. Sú vinna heldur áfram í vetur með réttindaráði UNICEF og starfsfólki.

Gildi skólans

Einkunnarorð skólans eru: Virðing – Þrautseigja – Heiðarleiki

Síðasta vetur voru haldnir vinnufundir með starfsfólki skólans, foreldrum, nemendum og Réttindaráði skólans þar sem markmiðið var að endurnýja gildi skólans í takt við þá miklu vinnu sem lagt hefur verið í til að ná fram jákvæðum skólabrag. Farið var yfir hvað gildi eru og byrjað með lista af 40 gildum sem markvisst var fækkað með því að vinna með þau þar til efstu tíu stóðu eftir. Foreldrar unnu á svipaðan hátt með gildin á opnum skólaráðsfundi og einnig Réttindaráðið. Þegar þessu var lokið tóku kennarar gildin fyrir í kennslustund með nemendum í hverjum námshóp þar sem útskýrt var fyrir þeim hvað þessi gildi þýða og kusu þeir aftur það sem þeim fannst mikilvægast. Niðurstöðurnar úr þessari vinnu var að þrjú gildi stóðu eftir sem gildi Hörðuvallaskóla, virðing, þrautseigja og heiðarleiki. Starfsfólk skólans nýtti svo gildin til að vinna að starfsmannasáttmála sem byggður er á gildum skólans. Í starfsmannasáttmálanum birtast gildi skólans á eftirfarandi hátt:

- Við kynnum okkur allar hliðar á málum til að tryggja heiðarleika
- Við sýnum gagnkvæma virðingu og erum ávallt heiðarleg
- Við höfum jákvæðni að leiðarljósi og eflum þrautseigju
- Við sýnum gagnkvæma virðingu
- Við sýnum fagmennsku í leik og starfi
- Með þrautseigju náum við árangri
- Samvinna leiðir til árangurs
- Öryggi er grunnþörf fyrir vellíðan í skólasamfélaginu
- Jafnrétti fyrir alla, við erum öll ólík en höfum sama rétt

Nemendur í snillismiðju, ásamt kennara, hafa nú þegar hafist handa við að útfæra gildin þannig að hægt sé að hengja þau upp í skólanum þannig að þau verði öllum sýnileg.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skólareglur

Eftir vinnu með nemendum og starfsfólki skólaárið 2017-2018 er ljóst að þrjár meginreglur ná yfir þá þætti sem þykja mikilvægastir. Undir hverjum þætti koma fram atriði sem hver og einn þarf að hafa í huga til að reglan nái fram að ganga. Flest atriði undir „þess vegna þarf ég að“ koma beint frá nemendum skólans.

Ástundun

Ástundun snýst um það hvernig við sinnum námi okkar, hvort við leggjum okkur fram, erum stundvís og vinnusöm. Með því að vinna vel og leggja sig fram næst betri árangur. Þær stöðvar í heilanum sem eru þjálfaðar styrkjast og gera mann betri í því sem maður glímir við. Ef maður leggur ekkert á sig nær maður ekki árangri. Þegar við náum árangri ern auðveldara að hafa gaman í skólanum.

Við sinnum námi okkar og starfi markvisst, af þrautseigju og metnaði, leggjum okkur fram um að gera okkar besta og gefa öðrum vinnufrið.

Þess vegna þarf ég að:

- sofa vel
- borða hollan mat og hreyfa mig
- vera metnaðarfull og leggja mig fram um að vinna vel í skólanum
- hafa hljóð þegar við á og trufla ekki aðra
- leita aðstoðar þegar ég þarf á að halda
- þiggja þá aðstoð sem mér býðst
- ekki fela það þegar ég skil ekki eitthvað eða veit ekki alveg hvað ég á að gera
- láta vita þegar efni er of létt fyrir mig
- aðstoða aðra þegar ég get
- hugsa um sjálfa mig og vera einbeitt
- hlaða spjaldtölvuna
- nota spjaldtölvuna markvisst í námi mínu þegar við á og láta ekki leiki og annað í spjaldinu trufla mig við námið
- fylgjast með tímanum og passa mig að mæta á réttum tíma

Samskipti

Samskipti snúast bæði um samskipti starfsfólks og nemenda og samskipti nemenda sín á milli. Þegar allir leggjast á eitt um að hafa samskipti góð aukast líkur á því að öllum þyki gaman í skólanum.

Við komum fram við hvert annað af virðingu, tillitssemi og ábyrgð og virðum rétt hvers annars til vera við sjálf og örugg.

Þess vegna þarf ég að:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- hugsa áður en ég tala
- koma eins fram við aðra eins og ég vil að þeir komi fram við mig
- koma vel fram við alla starfsmenn og nemendur
- vera góður við aðra svo þeim líði vel
- sýna tillitssemi og hrósa hvort öðru
- fara eftir fyrirmælum starfsmanna – bæði í tímum, á göngum og úti í frímínútum
- bjóða öðrum að vera með svo allir geti haft gaman
- leyfa öllum að vera með og skilja engan útundan
- sýna kurteisi og virða persónulegt rými annarra
- hjálpa öðrum og stoppa einelti ef einhver er að stríða
- sleppa því að stríða öðrum, slást eða lemja

Umgengni

Umgengni snýst um það hvernig við göngum um skólann okkar, eigur hans og eigur annarra. Hún snýst einnig um það hvernig við komum fram á skólalóðinni og í kringum snjalltækin okkar. Með því að læra góða umgengni og leggja sig fram um hana er ýtt undir að skólabragur verði metnaðarfullur og jákvæður.

Við göngum vel um skólann, eigur hans og eigur hvors annars. Við göngum rólega innan dyra, göngum frá eftir okkur og látum það sem við eigum ekki vera.

Þess vegna þarf ég að:

- hugsa um eigin umgengni
- ganga á göngunum
- ganga frá eftir mig og henda rusli í ruslafötur
- ganga frá fötunum mínum
- nota inniröddina og hækka ekki röddina
- vera á skólalóðinni í frímínútum
- vera á snjóboltasvæðinu í snjókasti
- passa að henda ekki snjóboltum í þá sem vilja ekki láta kasta í sig
- sleppa því að henda snjóbolta í rúður
- ganga vel um leiktækin á skólalóðinni
- borða aðeins þar sem leyfilegt er að borða
- sýna hreinlæti í matsalnum
- vera róleg í matsalnum og í kringum aðra
- nota símann ekki í skólanum heldur geyma hann og spjaldtölvur í töskunni nema þegar leyfi er gefið til að nota spjaldið

Viðbrögð við brotum

- Brjóti nemandi reglurnar, ræðir nærstaddur kennari/starfsmaður málið við nemanda. Ef um endurtekin brot er að ræða er umsjónarkennari látinn vita og/eða forsjáraðili

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

eftir alvarleika málsins. Við brot á reglum dugar ábending starfsmanns í flestum tilvikum til að nemandi sjái að sér og bæti ráð sitt. Einn þáttur skólastarfs er að leiðbeina nemendum um hegðun og samskipti og mikilvægt er að starfsmenn leggist allir á eitt um þá leiðbeiningu.

- Taki nemandi sig ekki á, ber kennara/starfsmanni að ræða aftur við nemandann og upplýsa umsjónarkennara um málið.
- Beri viðleitni kennarans/starfsmannsins ekki árangur vísar hann málinu til stjórnanda.
- Umsjónarkennari skal upplýstur og fylgist með allan tímann og kemur að málinu eftir því sem þurfa þykir.
- Öll tilvik sem ekki tekst að leysa á staðnum skulu skráð á viðeigandi eyðublað um atvik og sett í persónumöppu nemanda og hringt í forsjáraðila og þeir upplýstir um atvikið. Öll tilvik þar sem nemandi eða starfsmaður meiðist, slasast líkamlega eða andlega eru skráð í kerfi Kópavogsbæjar, Atvik - Torg.

Alvarleiki brota ræður alvarleika viðbragða. Ef um líkamlegt eða andlegt ofbeldi gagnvart starfsmanni skólans eða öðrum nemendum er að ræða er haft samband við foreldra/forsjáraðila eða þeir kallaðir til samdægurs. Barnavernd og lögregla kemur inn í alvarlegustu málin.

Verkferill vegna líkamlegs ofbeldis gegn nemendum eða starfsfólki.

Nemendur bera ábyrgð á sinni eigin framkomu, háttsemi og samskiptum við samnemendur og starfsfólk skóla.

Ferill 1

Ef nemandi beitir nemanda eða starfsmann ofbeldi:

- Starfsmaður fer inn í málið og skoðar hvers eðlis málið er.
- Öryggi er tryggt.
- Nemandi róaður niður á rólegan og yfirvegaðan hátt.
- Þegar nemandinn sem beitir ofbeldi hefur róað sig niður er rætt við hann og þá nemendur/starfsmann sem málið varðar.
- Ef málið er þess eðlis að hægt sé að leysa á staðnum er það gert.
- Haft samband við foreldra/forsjáraðila þeirra barna, sem við á, símleiðis.
- Atvik skráð og lýsing af því fer í persónumöppu barnanna og starfsmanns.
- Stjórnandi eða umsjónarkennari hittir viðeigandi nemendur og stjórnandi hittir starfsmann daginn eftir til að sjá hvernig öllum líður.

Ferill 2

Ef nemandi beitir barn alvarlegu ofbeldi:

- Skólastjórnandi fer inn í málið og skoðar hvers eðlis málið er.
- Öryggi er tryggt. Ef öryggi næst ekki og nemandi nær ekki ró er lögregla kölluð til aðstoðar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- *Gerandi*:
    - Símtal við foreldra/forsjáraðila þess barns sem beitir ofbeldi og foreldrar greindir frá atvikinu og beðnir um að sækja barnið.
    - Nemandi er sóttur af foreldrum/forsjáraðilum.
    - Farið yfir málið með foreldrum/forsjáraðilum og barni.
    - Barnið fer heim.
    - Ef um alvarlegt atvik er að ræða er nemanda vísað úr skóla í tvo daga á meðan verið er að skoða næstu skref varðandi úrræði eða endurkomu.
    - Ef um áfall fyrir geranda er að ræða eftir ofbeldið er barninu boðið að ræða við skólasálfræðing.
    - Við alvarlegt eða síendurtekið brot er málið tilkynnt til barnaverndar.
- *Þolandi:*
    - Símtal við foreldra barn þess sem varð fyrir ofbeldi og foreldrum/forsjáraðilum greint frá atvikinu og beðnir um að sækja barnið.
    - Nemandi er sóttur af foreldrum/forsjáraðilum.
    - Farið yfir málið með foreldrum/forsjáraðilum og barni og barnið fer heim.
    - Ef um mikla áverka er að ræða er mikilvægt að barnið verði skoðað af lækni og áverkar metnir.
    - Ef um áfall er að ræða eftir ofbeldið er barni boðið að ræða við skólasálfræðing.
- Næstu skref eru tekin m.t.t. málsatvika.
- Þegar búið er að vinna með báða einstaklinga er boðað til fundar þar sem gerandi og þolandi hittast ásamt forsjáraðilum
- Ef nemendur verða vitni að ofbeldinu ræða stjórnendur við nemendahópinn ásamt kennara. Metið er hverju sinni hvaða aðrar leiðir þarf að grípa til eftir stuðningsþörfum hópsins/einstaklinga.

Ferill 3

Ef nemandi beitir starfsmann <u>alvarlegu</u> ofbeldi:

- Skólastjórnandi fer inn í málið og skoðar hvers eðlis málið er.
- Öryggi er tryggt. Ef öryggi næst ekki og nemandi nær ekki ró er lögregla kölluð til aðstoðar.
- Símtal við foreldra/forsjáraðila og þeim greint frá atvikinu og beðnir um að sækja barnið.
- Nemandi er sóttur af foreldrum/forsjáraðilum.
- Farið yfir málið með foreldrum/forsjáraðilum og barni og barnið fer heim.
- Nemandi mætir í skólann að morgni með foreldrum/forsjáraðilum og á samtal með skólastjórnanda og viðkomandi starfsmanni sem barnið beitti ofbeldið. Foreldrar/forsjáraðilar hitta þann starfsmann sem barnið beitti ofbeldi.
- Fundargerð rituð og sett í persónumöppu nemenda.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Í framhaldi þarf að skoða hvaða áætlun fer af stað í kjölfar málsins. Stjórnandi heldur utan um það ásamt starfsfólki sem að málinu koma.
    - Þarf foreldri/forsjáraðili að fylgja nemanda í skólann að morgni og starfsmaður tekur á móti honum?
    - Þarf nemandi fylgd í útivist?
    - Á nemandi að vera inni í útivist?
    - Þarf nemandi stuðning allan daginn?
    - Ef um áfall er að ræða eftir ofbeldið er barni boðið að ræða við skólasálfræðing.
    - Við alvarlegt eða síendurtekið brot er málið tilkynnt til barnaverndar.
- Stjórnandi hittir viðeigandi starfsmann daginn eftir eða þegar hann snýr aftur til vinnu og sér hvernig hann hefur það. Ef þörf er á er boðið upp á samtal við skólasálfræðing í framhaldi. Ef um alvarlegt ofbeldi er að ræða er starfsmanni bent á að leita aðstoðar læknis þar sem áverkar eru skráðir.
- Stjórnandi hittir nemanda og starfsmann daginn eftir til að sjá hvernig þeim líður.
- Ef nemendur verða vitni að ofbeldinu ræða stjórnendur við nemendahópinn ásamt kennara. Metið er hverju sinni hvaða aðrar leiðir þarf að grípa til eftir stuðningsþörfum hópsins/einstaklinga. Foreldrar/forsjáraðilar viðeigandi nemenda eru upplýstir um málið

Ítrekuð brot á reglum skólans geta leitt til brottvikningar úr skólanum um stundarsakir. Um meðferð alvarlegra eða endurtekinna agabrota vísast til reglugerðar um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum. Reglugerðina má nálgast á vefslóðinni:

https://island.is/reglugerdir/nr/1040-2011

Viðmið vegna óviðunandi skólasóknar

Námsráðgjafi heldur utan um ástundun nemenda ásamt umsjónarkennurum. Hann tekur ábyrgð á því að farið sé eftir viðmiðum Kópavogsbæjar um óviðunandi skólasókn sem fer hér á eftir:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN
LEYFI/VEIKINDI

Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og stuðst við viðmið um fjölda veikinda- og/eða leyfisdaga við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

ÞREP 1 5-9 DAGAR	ÞREP 2 10-14 DAGAR	ÞREP 3 15-19 DAGAR	ÞREP 4 20-29 DAGAR	ÞREP 5 30 DAGAR EÐA FLEIRI
Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá skóla.	Umsjónarkennari á samtal við foreldra og nemanda. Skólastjórnendur eru upplýstir um stöðu mála. Ef um veikindi er að ræða má óska eftir aðkomu skólahjúkrunarfræðings.	Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda eða fulltrúa hans þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra.	Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og nemanda ef að við á. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogsbæjar.	Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref.

Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskyldra barna bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla".

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN
FJARVISTIR

Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn skal skoða ástundun nemandans.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og stuðst við viðmið um fjölda fjarvista við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

ÞREP 1 2-4 FJARVISTIR	ÞREP 2 5-9 FJARVISTIR	ÞREP 3 10-14 FJARVISTIR	ÞREP 4 15-24 FJARVISTIR	ÞREP 5 25 FJARVISTIR EÐA FLEIRI
Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá skóla.	Umsjónarkennari á samtal við foreldra og nemanda. Skólastjórnendur eru upplýstir um stöðu mála.	Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda eða fulltrúa hans þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra.	Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og nemanda ef að við á. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogsbæjar.	Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref.

Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskyldra barna bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla".

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra og er ritari ráðsins.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Skólaráð:

- fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið,
- fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar,
- tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið,
- Fylgist, með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda og starfsfólks skólans.
- fjallar um skólareglur og umgengnishætti í skólanum,
- fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað,
- tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Í skólaráði skólaárið 2025-2026 sitja Sigrún Ólöf Ingólfsdóttir skólastjóri, Íris Björk Eysteinssóttir (ritari), Sigríður Th. Egilsdóttir og Bergþóra Guðmundsdóttir, fulltrúar kennara (Erla Margrét Leifsdóttir er varamaður), Auður Svavarsdóttir, fulltrúi starfsmanna (Eyjólfur Kristopher Kolbeins er varamaður), Fanný Guðbjörg Jónsdóttir og Ómar Valur Steindórsson, fulltrúar foreldra ásamt Birki Erni Arnarssyni, grenndarfulltrúa. Tveir fulltrúar nemenda koma úr nemendaráði.

Fagteymi og starfshópar skólaársins

Skólaárið 2025-2026 verða fjölmargar nefndir eða fagteymi starfandi innan skólans:

- Skemmtinefnd, sinnir málum sem snúa að starfsandanum í stofnuninni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Öryggisnefnd, sinnir hlutverkum skv. vinnuverndarlögum.
- Heilsueflandi skóli heldur utan um það að Hörðuvallaskóli er heilsueflandi skóli m.a. með því að ýta undir að hreyfing og núvitund sé eðlilegur hluti af skóladegi barna og nýtist vel sem uppbrot í kennslustundum. Teymið sér um skólahlaup og Hörðuvallaleika.
- Einelti steymi sem heldur utan um þau mál sem upp koma og passar upp á verkferla og aðstoðar við fræðslu um einelti.
- Læsisnefnd styður við kennara í lestrarkennslu og eru sérfræðingar í læsi innan skólans.
- Réttindaráð UNICEF er skipað starfsfólki og nemendum og heldur utan um innleiðingu á því að Hörðuvallaskóli sé réttindaskóli UNICEF. Vinnur að innleiðingu Hörðuvallaskóla á réttindaskóla UNICEF. Heldur utan um bekkjarþing og fer með fulltrúa á Barnaþing Kópavogs. Réttindaráðið fundar aðra hverja viku og vinnur með nemendum og starfsfólki til að hafa áhrif á aðstæður og umhverfi í skólanum og hvetur til umbóta.
- Forvarnarteymi sinnir gerð og uppfærslu forvarnaráætlunar og styður við starfsfólk í að fylgja henni.
- Innra mats teymi kemur að innra mati skólans í samráði við stjórnendur.
- Uppeldi til ábyrgðar teymi heldur utan um innleiðingu á uppbyggingarstefnu skólans.
- UT – málefni er nefnd sem skipuleggur viðburði í kringum UT málefni, fræðslu og hvetur til nýjunga í skólastarfi.
- Draumagerðarteymi heldur utan um þróunarverkefni draumagerðarsmiðju þar sem lögð er áhersla á hönnunarhugsun og tækni í kennslu.
- Uppbrotsdaganefnd sinnir skipulagi við ýmsa uppbrotsdaga svo sem degi stærðfræðinnar, degi íslenskrar tungu og fleira.

Foreldrafélag

Við Hörðuvallaskóla starfar foreldrafélag og er stjórn þess skólaárið 2025-2026 þannig skipuð: Fanný Guðbjörg Jónsdóttir formaður, Kristín Björk Bjarnadóttir ritari, Ingunn Bjarnadóttir gjaldkeri, Jón Gunnar Geirdal meðstjórnandi, Ómar Valur Steindórsson meðstjórnandi, Hjörtur Ingi Hjartarson meðstjórnandi, Aðalbjörg Marta Agnarsdóttir meðstjórnandi. Svava H. Friðgeirsdóttir er röltstjóri Hörðuvallaskóla og Kóraskóla.

Stjórnin áætlar að hittast einu sinni í mánuði og oftar ef þörf þykir. Ár hvert skipuleggur Foreldrafélagið vissa atburði. Foreldrafélagið heldur að hausti fund með bekkjarfulltrúum þar sem farið er yfir starf bekkjarfulltrúa, virkni foreldrasamstarfs og önnur mál er varða skólastarfið. Formaður foreldrafélagsins fundar með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra einu sinni í mánuði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Lög Foreldrafélags Hörðuvallaskóla

1. gr. Nafn félags og aðild

Félagið heitir Foreldrafélag Hörðuvallaskóla. Félagar eru foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum.

2. gr. Markmið og leiðir

Markmið félagsins er að vinna að heill og hamingju nemenda skólans og styrkja skólann í hvívetna. Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því meðal annars að: Efla kynni foreldra innbyrðis og koma á umræðu og fræðslufundum m.a. um uppeldis og skólamál í samráði við skólann. Leggja skólanum lið svo að aðstæður til náms og félagsstarfs verði sem bestar hverju sinni. Koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál. Veita skólanum aðstoð til ákveðinna verkefna og starfa í skólanum. Styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans. Efla hverfisanda og liðsheild hverfisbúa í samvinnu við íbúa, félagasamtök og aðra sem vilja láta til sín taka.

3. gr. Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð átta einstaklingum og tveimur til vara, kjörnum til tveggja ára í senn. Æskilegt er að einn af stjórnarmönnum sé einnig fulltrúi foreldra í skólaráði, sbr. 5.gr. laga þessara. Á hverjum aðalfundi félagsins skulu kosnir fjórir stjórnamenn og einn til vara þannig að á hverjum aðalfundi hverfi þeir einstaklingar úr stjórn og varastjórn sem setið hafa í tvö ár frá kjöri þeirra eða endurnýi setu sína til tveggja ára að nýju ef vilji er fyrir hendi. Formaður skal kosinn sérstaklega á aðalfundi og skal hann kosinn úr hópi kjörinna stjórnarmanna. Stjórn skal að öðru leyti sjálf skipta með sér embættum varaformanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnenda. Á stjórnarfundi ræður afl atkvæða úrslitum mála. Falli atkvæði á jöfnu telst tillaga felld. Stjórn skal setja sér starfsreglur og starfsáætlun fyrir skólaárið. Hún skal einnig veita bekkjarfulltrúum og nefndum leiðbeiningar eftir því sem við á. Stjórn félagsins heldur fundi a.m.k tvisvar sinnum á önn eða fjórum sinnum yfir skólaárið. Stjórnin heldur almennan foreldrafund á skólaárinu og kynnir starf foreldrafélags og skólaráðs skólans. Stjórn ber ábyrgð á að kalla eftir framboðum til fulltrúa í skólaráð og eftir atvikum að sjá til þess að frambjóðendur séu til staðar í þau embætti á aðalfundi. Stjórn sinnir ekki klögumálum eða hefur afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli foreldra og/eða starfsmanna skólans. Stjórn félagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni á ábyrgð stjórnarinnar og samkvæmt fyrirmælum hennar.

4. gr. Aðalfundur

Aðalfundur skal haldinn í september ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins í samstarfi við fulltrúa foreldra í skólaráðinu með minnst viku fyrirvara. Boðun má fara fram með rafrænum hætti. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins.

Verkefni aðalfundar:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Lagabreytingar
- Skýrsla skólaráðsfulltrúa
- Kosning stjórnar og formanns
- Kosning skoðunarmanns reikninga
- Kosning tveggja fulltrúa og varafulltrúa í skólaráð til tveggja ára
- Ákvörðun félagsgjalda fyrir komandi skólaár
- Önnur mál

Fundarstjóri úrskurðar í ágreinings- eða álitamálum á fundum félagsins og eru úrskurðir hans endanlegir.

5. gr. Skólaráð

Á aðalfundi skal í samræmi við 8. gr grunnskólalaga nr. 91/2008 kjósa fulltrúa í skólaráð og varamenn þeirra. Fulltrúar í skólaráði skulu vera tveir og skulu þeir kosnir til tveggja ára í senn þannig að kosið eru í embætti annars þeirra á hverjum aðalfundi. Sama kosningafyrirkomulag skal gilda um kosningu varamanna í skólaráð.

Samráð skal vera á milli stjórnar foreldrafélagsins og fulltrúa foreldra í skólaráði. Æskilegt er að a.m.k. annar skólaráðsfulltrúi sé einnig stjórnarmaður í foreldrafélagi Hörðuvallaskóla.

6.gr. Bekkjarfulltrúar

Stjórn foreldrafélagsins skal hlutast til um að í upphafi skólaárs, helst á fundi sem skólastjóri og/eða kennarar boða til með foreldrum/forsjáraðilum hvers bekkjar til kynningar á skólastarfinu, séu kosnir tveir fulltrúar forsjáraðila úr hverri bekkjardeild til að stýra foreldrastarfi innan viðkomandi bekkjar. Æskilegt er að annar fulltrúanna verði endurkjörinn einu sinni ef því verður við komið. Stjórn félagsins skal hafa samvinnu við skólastjóra og/eða kennara um að framangreind kosning eigi sér stað. Bekkjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem getur sett þeim starfsreglur. Bekkjarfulltrúar mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hverrar bekkjardeildar með nánu samstarfi við umsjónarkennara.

7. gr. Breytingar á lögum

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi með samþykki einfalds meirihluta fundarmanna, enda hafi tillögur um lagabreytingar verið kynntar í fundarboði. Breytingartillögur verða að berast stjórn í tæka tíð fyrir aðalfund svo taka megi þær á dagskrá. Fundarstjóri úrskurðar um lagabreytingatillögur og breytingartillögur við þær. Úrskurður fundarstjóra er endanlegur. Lista yfir bekkjarfulltrúa ársins má nálgast á heimasíðu skólans þegar þeir hafa verið útnefndir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Nemendaráð Hörðuvallaskóla

Nemendur í 6. og 7. bekk kjósa sér nemendaráð í samstarfi við félagsmiðstöðina Kúluna. Markmiðið er að veita nemendum grundvöll til þess að hafa áhrif á skólastarfið og skapa sína tómstund í félagsmiðstöðinni og bera ábyrgð á þeim viðburðum sem hún stendur fyrir. Kjörnir eru fjórir fulltrúar í 6. bekk og fjórir fulltrúar í 7. bekk og reynt er að halda jöfnu kynjahlutfalli. Kosning nemenda í nemendaráð gildir til helminga á móts við ákvörðun nemendalýðræðisteymis um setu í nemendaráði.

Nemendaráð starfar í umboði réttindaráðs UNICEF í Hörðuvallaskóla og í samvinnu við forstöðumann félagsmiðstöðvarinnar. Ráðið fundar að jafnaði aðra hverja viku.

Foreldrasamstarf

Samskipti milli heimilis og skóla fara að miklu leyti fram í gegnum netpóst og því mikilvægt að foreldrar láti ritara skólans vita ef breyting verður á póstfangi. Forsjáraðilar geta sjálfir breytt upplýsingum sínum, þ.á.m. netföngum, með eigin aðgangi á Mentor.

Áherslur á samstarf heimila og skóla eru augljósar í lögum um grunnskóla (2008) og aðalnámskrá grunnskóla (2011) en þar er litið á foreldra sem samstarfsmenn um hvert einstakt barn, nemendahópinn og skólann sem heild. Farvegur fyrir samskipti foreldra og kennara þar sem velferð nemenda er höfð að leiðarljósi þarf að vera skýr en um leið þarf að gæta þess að samskiptin hafi ekki truflandi áhrif á nám og kennslu.

Tengslatorg

Tengslatorg er verkefni í Hörðuvallaskóla sem snýst um að efla tengsl heimilis og skóla og skapa sterkari grunn að velferð, félagslegri stöðu og líðan allra nemenda. Verkefnið byggist á fræðslu fyrir foreldra, líðanfundum, farsældarsáttmála og eftirfylgni. Fundirnir hafa aukið samkennd meðal foreldra og ýtt undir öflugt bakland fyrir börnin. Meðvitund og ábyrgð foreldrahópsins hefur aukist og skólinn upplifir styrkt samstarf við heimilin. Þetta hefur þegar haft jákvæð sýnileg áhrif á skólabrag og bekkjaranda og hefur stuðlað að aukinni vellíðan og öryggi meðal nemenda.

Verkefnið byggist á þremur meginþáttum:

1. Fræðslu fyrir foreldra, þar sem skólinn býður upp á fræðandi fyrirlestra um uppeldi, mörk, ábyrgð og mikilvægi samveru og samfélagslegrar samstöðu.

2. Líðanfundum (Tengslatorgum) þar sem forsjáraðilar í sama námshópi hittast og ræða – með samþykki barnanna – um líðan og félagslega stöðu þeirra. Fundirnir styrkja tengsl milli foreldra, skapa samstöðu og stuðningsvettvang með velferð allra barna að leiðarljósi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

3. Farsældarsáttmála, þar sem foreldrar hittast undir stjórn bekkjarfulltrúa og sameinast um viðmið og gildi sem stuðla að betri líðan barna, t.d. varðandi svefntíma, skjátíma, samskipti og notkun samfélagsmiðla.

Verkefnið stuðlar að heilbrigðu félagslegu og námslegu umhverfi barna með því að byggja upp traust og tengsl innan foreldrahópa og milli skóla og heimila. Með því að ræða opinskátt um líðan, koma sér saman um viðmið og vinna saman að lausnum, aukast líkur á að enginn nemandi falli milli skips og bryggju. Samstarfið skapar sameiginlegan skilning og stuðning sem styrkir sjálfsmynd barna og eykur félagsfærni þeirra. Eftirfylgni skólans við það sem kemur fram á fundum tryggir að verkefnið hafi áhrif og hjálpar foreldrum að tengjast hvort öðru og skólanum á jákvæðan hátt.

Fundirnir hafa aukið samkennd meðal foreldra og ýtt undir öflugt bakland fyrir börnin. Meðvitund og ábyrgð foreldrahópsins hefur aukist og skólinn upplifir styrkt samstarf við heimilin. Þetta hefur þegar haft jákvæð sýnileg áhrif á skólabrag og bekkjaranda og hefur stuðlað að aukinni vellíðan og öryggi meðal nemenda. Einnig auðveldar Tengslatorgið foreldrum nýrra barna í skólanum við að kynnast öðrum foreldrum og mynda tengsl.

Tölvupóstur

- Tölvupóstar eru eingöngu notaðir til að senda upplýsingar eða spyrjast fyrir um hagnýt mál.
- Til að ræða viðkvæm, persónuleg mál skal biðja um fund eða hringja.
- Ekki er gert ráð fyrir að kennarar opni tölvupóst í kennslustundum, slíkt er gert eftir kennslu á daginn.
- Kennarar svara ekki tölvupósti á kvöldin og um helgar.
- Kennarar ákveða sjálfir hvort þeir taka á móti vinnupósti í sinn persónulega farsíma.

Facebook og aðrir samskiptamiðlar

- Almenna reglan er sú að starfsmenn skólans og foreldrar og/eða nemendur eru ekki vinir á Facebook né öðrum samskiptamiðlum.
- Algengt er að foreldrar stofni hópa á Facebook utan um foreldrasamskipti sín á milli í hverjum árgangi. Bekkjafulltrúar halda utan um slíkar síður.

Myndbirtingar

- Reglur gilda um hvenær, hvar og hvaða ljósmyndir skólinn birtir af nemendum, sjá: Viðmið um myndatökur og myndbirtingar í skóla- og frístundastarfi https://www.kopavogur.is/static/files/Log-og-reglur/reglur_menntasvid/vidmid-myndbirting-a-heimasidum.pdf

Sími

- Kennarar svara ekki í farsíma eða taka við skilaboðum í síma meðan á kennslu stendur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Ef málið þolir ekki bið er hægt að óska eftir símtali eða fundi með milligöngu ritara.
- Símar eru ekki leyfðir í Hörðuvallaskóla fyrir nemendur og ef þeir þurfa að hafa samband heim fer það í gegnum skrifstofu skólans.
- Foreldrar hafa samband við skrifstofu skólans ef þeir þurfa að ná í barnið sitt á skólatíma.

Ritari

- Til að ná í kennara í síma þarf að hringja í ritara skólans s. 441-3600. Ef kennari er í kennslu tekur ritari niður skilaboð og kennari hringir þegar hann er laus. Skrifstofan er opin 8:00 – 15:00 alla virka daga.
    - Foreldrar tilkynna veikindi barna sinna og/óska eftir leyfi í gegnum Mentor eða til ritara skólans.

Heimsóknir foreldra í skólastofur

Hvatt er til þess að foreldrar kynnist daglegu starfi barna sinna í skólanum. Ef foreldrar óska eftir heimsókn í skólastofu rita þeir undir trúnaðaryfirlýsingu hjá ritara sem miða að persónuverndarlögum þar sem því er heitið að gæta fyllsta trúnaðar um skólastarf og málefni einstaklinga er varða skólastarfið. Heimsóknir í skólastofur eru skipulagðar í samráði og með samþykki viðkomandi kennara.

Upplýsingar frá skólanum

Samráðs- og upplýsingafundir eru haldnir í 1. og 5. árgangi á hverju skólaári. Kynningarfundir í öðrum árgöngum eru haldnir ef þurfa þykir.

Skólinn birtir allar helstu upplýsingar um skólastarfið á heimasíðu sinni m.a. skóladagatal, skólanámskrá, starfsáætlun, samstarfsáætlun foreldra og skóla, starfsmannalista, matseðil, tómstundatilboð o.fl.

Hagnýtar upplýsingar um námsmarkmið, námsmat, heimanám o.fl. eru birtar á Mentor og/eða Google Classroom hjá eldri nemendum skólans. Þar eru upplýsingarnar uppfærðar reglulega af umsjónarkennara og öðrum kennurum sem kenna nemandanum. Umsjónarkennari sendir foreldrum reglulega helstu upplýsingar um bekkjarstarfið og það sem framundan er í bekknum/hópnum/árganginum. Frekari upplýsingar eru veittar eftir þörfum á fundum, með tölvupósti, gegnum síma eða á samskiptamiðlum.

Þróunarstarf

Fjölmörg þróunarverkefni hafa verið í gangi í skólanum í gegnum tíðina. Foreldrar geta nálgast nánari upplýsingar um þau á heimasíðu skólans undir þróunarverkefni https://www.horduvallaskoli.is/is/nam-og-kennsla/throunarverkefni

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Foreldrar með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Skólinn leggur sig fram við að koma til móts við foreldra með fjölbreyttan tungumála- og menningar bakgrunn svo þeir geti verið virkir þátttakendur í skólasamfélaginu. Það er gert með því að boða foreldra reglulega til samtals ásamt kennurum í ÍSAT-veri og túlki. Túlkar eru einnig pantaðir fyrir foreldraviðtöl. Á líðan-fundum í Tengslatorginu er áhersla á að tengja saman foreldra og þeir minntir á að leggja sig fram við að tengjast foreldrum af öðrum menningarbakgrunni. Ljóst er að skólinn þarf að gera betur á þessu sviði en viljinn er fyrir hendi til að þetta verði eðlilegur hluti af skólastarfi.

Viðfangsefni innra mats

Sjálfsmat Hörðuvallaskóla er ein leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfinu og upplýsingum um það. Sjálfsmat veitir upplýsingar um í hve miklu mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið skólans. Matið á að draga fram sterkar og veikar hliðar ýmissa þátta skólastarfsins og á að leiða til úrbóta á veikleikum. Síðastliðið vor fóru stjórnendur skólans í gegnum innra mat með sérfræðingum sem Kópavogsbær fékk til að sjá um verkið. Sú vinna gekk mjög vel og hefur skólinn óskað eftir sniðmáti því sem notað var ásamt viðfangsefnum frá Menntasviði Kópavogsbæjar til að tryggja að matið sé faglegt og að samræmi sé í því á milli skóla í Kópavogi. Menntasvið Kópavogsbæjar er að skoða verkferla um innra mat í Kópavogi til að styðja sem best við skólana.

Kannanir sem eru lagðar fyrir til að safna gögnum:

- Nemendakönnun Skólapúlsins í 6.-7. bekk (könnun sem snertir ýmsa þætti skólastarfsins og upplifun nemenda af þeim)
- Foreldrakönnun Skólapúlsins (mat á viðhorfum foreldra til skólastarfsins, lögð fyrir annað hvert ár)
- Starfsmenn leggja reglulega mat á skólastarfið í tvenns konar formi:
    - Starfsmannakönnun – starfsmenn fá mánaðarlega sendar fimm spurningar í formi smáskilaboða í gegnum Moodup kerfið.
    - Eftir uppbrotsdaga er rætt á starfsmannafundum og deildarfundum hvernig til tókst og hugmyndir að úrbótum.

Auk framangreinds eru nýtt til matsvinnu ýmis gögn sem til falla í skólastarfinu s.s. niðurstöður læsisprófa, upplýsingar um ástundun og fjarvistir nemenda, niðurstöður úr námsmati skólans, samandregnar niðurstöður úr starfsmannasamtölum o.fl.

Á heimasíðu skólans má nálgast niðurstöður úr þeim könnunum sem lagðar hafa verið fyrir:

https://www.horduvallaskoli.is/is/skolinn/matsgogn-og-skyrslur

Á skólaárinu 2017-2018 fór fram umfangsmikil matsvinna í Hörðuvallaskóla. Fyrst ber þar að nefna að samin var umbótaáætlun vegna ytra mats á starfi skólans sem framkvæmt var af

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Menntamálastofnun fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið vorið 2017. Í kjölfarið fór af stað vinna að umbótaáætlun og má nálgast umbótaáætlunina á heimasíðu skólans:

https://www.horduvallaskoli.is/static/files/matsgogn/umbotaaaetlun_ytra_mat_2017.pdf

Upplýsingar um stoðþjónustu

Skipulag stoðþjónustu

Yfirumsjón sérkennslu og sértækrar þjónustu er í höndum deildarstjóra stoðþjónustu. Þegar vanda ber að höndum sem kennari fær ekki leyst úr á eigin spýtur vísar hann málum eftir atvikum til nemendaverndarráðs eða stoðþjónustuteymis skólans. Fagteymið *Góður grunnur* er þverfaglegt teymi skipað kennurum og öðrum sérfræðingum úr skólaumhverfinu og leitast við að veita nemendum á yngsta stigi stuðning og að snemmtæk íhlutun eigi sér stað sé þess þörf.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð Hörðuvallaskóla starfar samkvæmt 40. gr. laga um grunnskóla (91/2008), reglugerð nr. 584 frá 2010. Markmið nemendaverndarráða er að bæta sérfræðiþjónustu við nemendur og gera hana skilvirkari. Nemendaverndarráð heldur fundi vikulega þar sem skólastjórnendur, sálfræðingur, námsráðgjafi, forstöðumaður frístundar, forstöðumaður félagsmiðstöðvar og hjúkrunarfræðingar sitja. Ráðið er skólastjórnendum til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð fjallar um úrræði í málum nemenda sem til þess er vísað. Þurfi nemandi að mati umsjónarkennara/stjórnanda, á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, skal umsjónarkennari/stjórnandi vísa málinu skriflega til nemendaverndarráðs eða stoðþjónustu eftir því sem við á (sjá aftar). Fundir eru bókaðir og farið með allar upplýsingar samkvæmt reglum um meðferð trúnaðargagna.

Sérkennsla og námsver

Sérkennsla er ein af mörgum leiðum til að ná einstaklingsmarkmiðum í námi. Getur sú kennsla verið í formi stuðnings vegna tímabundinna örðugleika eða samfelldrar sérkennslu í lengri tíma, jafnvel alla skólagöngu nemandans. Skipulag sérkennslu og annar stuðningur getur verið með ýmsum hætti, bæði innan og utan bekkjar. Undir þetta fellur einnig notkun sérstakra kennslugagna svo sem hljóðbóka o.fl. Nemendur sem eiga í erfiðleikum í námi eða í öðrum þáttum skólastarfsins eiga rétt á athugun hjá sérkennara, sálfræðingi og fleiri sérfræðingum innan skólakerfisins. Að þeim athugunum loknum er reynt að finna bestu úrræði hverju sinni í samráði við umsjónarkennara, skólastjórn, sérfræðinga á menntasviði Kópavogsbæjar, nemendur og foreldra/forsjáraðila þeirra.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Einstaka nemendur þurfa sérhæft námsefni og er það þá aðlagað að þroska hvers og eins og hverjum nemanda skapaðir náms- og kennsluhættir við hæfi. Getur þetta falið í sér veruleg frávik frá stundatöflu bekkjar en nemandi er ávallt tengdur sínum bekk og umsjónarkennara. Gerð er einstaklingsáætlun fyrir hvern nemanda þar sem námsmarkmið eru tilgreind og hún endurskoðuð reglulega. Stoðkennari ber ábyrgð á gerð einstaklingsáætlunar ásamt umsjónarkennara. Þeir leggja drögin en áætlanirnar fullvinnast í samráði við foreldra/forsjáraðila og nemendur eftir því sem við á. Ef aðlaga þarf nám að einstaklingum ber umsjónarkennari ábyrgð á því ásamt stoðkennara.

Í sumum tilfellum er aðstoð stuðningsfulltrúa/kennara nýtt utan eða innan bekkjar, þar sem veittur er markviss stuðningur, til þess að nemanda líði sem best og takist sem best að fylgja jafnöldrum eftir í hefðbundnu námi inni í bekk.

Námsver í Hörðuvallaskóla (X-ið) hefur að leiðarljósi hugmyndafræðina „skóli fyrir alla“ þar sem í forgrunni er nám við hæfi hvers og eins. Markmið kennslu í námsveri eru:

- að nemendur fái kennslu við hæfi
- að styrkja nemendur í námi
- að auka vellíðan og áhuga
- að efla sjálfstraust og öryggi
- að þjálfa sjálfstæð vinnubrögð
- að bjóða upp á námsumhverfi sem mætir nemendum með skynúrvinnsluvanda

Þó að einstakir nemendur stundi nám sitt í námsveri að hluta eða að miklu leyti eiga þeir samt sem áður sinn umsjónarkennara og eru hluti af umsjónarbekkjum sem þeir eru eins mikið með og hægt er á hverjum tíma.

Námsverið þjónustar nemendur í 1.-7. bekk og auk þess er reynt af fremsta megni að sérkennsla og stoðkennsla sé fléttuð inn í stundatöflu nemenda í samráði við umsjónarkennara. Stoðkennari teymis ásamt umsjónakennarateymi sér ýmist um sérkennslu inn í bekk eða aukastofu. Í einstaka tilfellum fer sérkennsla fram í námsveri og fer það eftir aðstæðum hverju sinni. Sveigjanleiki er jafnan hafður að leiðarljósi og unnið er markvisst í samvinnu við foreldra/forsjáraðila.

Deildarstjóri stoðþjónustu sinnir skipulagi á sérkennslu í skólanum, ásamt viðkomandi kennurum og öðrum stjórnendum.

Talmeinafræðingur

Við Hörðuvallaskóla starfar Dagný Annasdóttir talmeinafræðingur sem kemur í skólann samkvæmt ákveðnu skipulagi sem nálgast má á heimasíðu. Verksvið talmeinafræðings er að aðstoða nemendur sem eiga við einhvers konar málörðugleika að etja. Algengast er að talkennari fái til meðferðar nemendur með framburðargalla (þ.e. rangan framburð einstakra hljóða) raddveilur (hæsi), stam og seinkaðan málþroska.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Foreldrar barna sem þurfa á aðstoð talmeinafræðings að halda geta haft samband við umsjónarkennara og/eða deildarstjóra stoðþjónustu sem kemur tilvísun á framfæri. Telji talmeinafræðingurinn í kjölfar samtals við nemanda ástæðu til frekari athugunar og/eða talþjálfunar þá hefur hann samband við forsjáraðila viðkomandi nemanda. Eins vinnur talmeinafræðingur greiningar er lúta að málþroska nemenda og veitir ráðgjöf til forsjáraðila og starfsfólks þegar það á við.

Skólasálfræðingur

Í Hörðuvallaskóla sér Erlendur Egilsson um sálfræðiþjónustu. Sálfræðingur annast greiningar á börnum og ráðgjöf til foreldra þeirra. Þá sinnir sálfræðingur viðtölum við börn og unglinga og situr í nemendaverndarráði Hörðuvallaskóla. Sálfræðingur skólans sinnir aðallega tilfinningalegum, náms- og félagslegum erfiðleikum barna í skólanum.

Ef óskað er eftir aðstoð sálfræðings fyllir umsjónarkennari út umsókn sem fer fyrir nemendaverndarráð sem ræðir málið og tekur ákvörðun um hvort vísa eigi málinu til sálfræðings. Ávallt skal liggja fyrir samþykki forsjáraðila áður en afskipti sálfræðings hefjast um málefni barnsins. Haft er samband við forsjáraðila þegar röðin kemur að þeim og þeir boðaðir í viðtal. Forsjáraðilar geta einnig leitað til sálfræðinga án milligöngu umsjónarkennara.

Námsráðgjöf

Námsráðgjafi stendur vörð um félagslega og andlega velferð nemenda, gætir réttarstöðu þeirra og veitir ráð um nám og styður þá í persónulegum málum. Hann er talsmaður og trúnaðarmaður nemenda. Helstu hlutverk námsráðgjafa eru:

- Að veita fræðslu um nám, störf og atvinnulífið
- Að leiðbeina nemendum með vinnubrögð í námi
- Að veita nemendum stuðning og ráðgjöf vegna erfiðleika og áfalla
- Að aðstoða nemendur með kvíða og nemendur með hegðunar- og tilfinningavanda
- Að aðstoða og styðja við nemendur sem eru í skólaforðun
- Að auka félagsþroska, félagsfærni og samskiptahæfni nemenda
- Að auka sjálfsstyrkingu nemenda, efla seiglu og hjálpa þeim að gera sér grein fyrir eigin getu

Auk þess veitir hann einstaklingum og hópum ráðgjöf, sinnir forvarnarstarfi, jafnréttisfræðslu og heldur utan um eineltismál í skólanum ásamt ástundun nemenda. Námsráðgjafi er í mikilli samvinnu við kennara og annað starfsfólk skólans til að geta stutt sem best við nemendur.

Karen Kjartansdóttir er námsráðgjafi við skólann. Allir nemendur eiga kost á því að leita til námsráðgjafa. Foreldrar geta einnig haft samband vegna mála er tengjast námi og líðan

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

barna þeirra. Nemendur og foreldrar geta komið að eigin frumkvæði og millilíðalaust, pantað tíma eða komið boðum í gegnum starfsfólk skólans.

Skólaheilsugæsla

Heilsugæsla Hörðuvallaskóla er á vegum Heilsugæslunnar í Salahverfi sími: 590-3900. Skólahjúkrunarfræðingar eru Magnhildur Ósk Magnúsdóttir og Salome Jónsdóttir. Netfang þeirra er horduvallaskoli@salus.is

Viðvera hjúkrunarfræðings í skólanum:

- Mánudagar 8:30 – 15:00
- Þriðjudagar 09:30 – 14:00
- Miðvikudagar 8:45 -14:00
- Fimmtudagar 8:45 – 14:00
- Föstudagar 8:30 – 12:00

Skólaheilsugæslan er framhald ungbarnaverndar. Markmið skólaheilsugæslu er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forsjáraðila, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda, með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Reglubundnar skoðanir og bólusetningar:

- 1. bekkur: Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling. Viðtal um líðan og lífsstíl.
- 4. bekkur: Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling. Viðtal um líðan og lífsstíl.
- 7. bekkur: Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling. Viðtal um líðan og lífsstíl. Bólusett gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt (ein sprauta). Bólusett gegn leghálskrabbameini, stúlkur (tvær sprautur).
- 6H Heilsunnar – heilbrigðisfræðsla. Skólaheilsugæsla sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta. Byggt er á hugmyndafræðinni um 6H heilsunnar sem er samstarfsverkefni skólaheilsugæslunnar og Lýðheilsustöðvar. Áherslur fræðslunnar eru Hollusta – Hvíld – Hreyfing – Hreinlæti – Hamingja – Hugrekki og kynheilbrigði. Eftir fræðslu fá foreldrar/forsjáraðila fréttabréf sent með tölvupósti. Þá gefst foreldrum kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu og hvernig þau geta nýtt sér það í daglegu lífi.
- Slys og veikindi. Mikilvægt er að skólaheilsugæslan viti af börnum sem eru með langvinna og/eða alvarlega sjúkdóma, s.s. sykursýki, flogaveiki, ofnæmi og blæðingasjúkdóma. Ef óhapp/slys verður á skólatíma sinnir starfsfólk skólans fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslu eða slysadeild skulu foreldri/forsjáraðili fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af skólaheilsugæslunni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Lyfjagjafir. Skólaheilsugæslan hefur umsjón með lyfjagjöfum skólabarna í samráði við foreldra. Einungis eru gefin lyf sem ávísuð eru af lækni. Hafa ber í huga að barn getur ekki í neinu tilviki sjálft borið ábyrgð á lyfjatökunni, ábyrgðin er foreldra/forsjáraðila. Börn skulu ekki hafa lyf undir höndum í skólanum nema í undantekningartilfellum, s.s. insúlín.
- Lús og aðrar óværur. Lúsin kíkir reglulega í heimsókn og því er mikilvægt að foreldrar kembi hár barna sinna, helst vikulega. Kembing og meðferð er á ábyrgð foreldra.

Hæfileg hreyfing, hollt mataræði og reglulegur svefn eru megin undirstöður fyrir vellíðan barns og góðum námsárangri. Hæfilegur svefntími fyrir börn og unglinga:

- 5-8 ára 10-12 klst.
- 9-12 ára 10-11 klst.

Ef áföll eða veikindi verða í fjölskyldu barnsins er æskilegt að láta hjúkrunarfræðing vita svo og umsjónarkennara og skólastjórnendur.

Til að njóta sín í námi verður barninu að líða vel í skólanum. Skólaheilsugæslan hvetur foreldra/forsjáraðilar til að vera vakandi yfir líðan barna sinna og spyrja þau reglulega um líðan sína, einnig að hafa hugfast að hrós og hvatning styrkja jákvæða hegðun og auka vellíðan. Foreldrar/forsjáraðilar geta ávallt leitað ráðgjafar hjá skólahjúkrunarfræðingi varðandi andlegt líkamlegt og félagslegt heilbrigði barnsins.

Iðjuþjálfi

Skólinn hefur möguleika á að fá inn iðjuþjálfa, ef þess er óskað og hjálpa til við stillingar og val á húsgögnum/hjálpargögnum fyrir nemenda með líkamlega erfiðleika ásamt því að inna af hendi greiningar og athuganir.

Önnur sérfræðiþjónusta frá menntasviði Kópavogs

Við skólaþjónustu grunnskóla Kópavogs starfar teymi sem samanstendur af kennsluráðgjöfum, atferlisráðgjöfum og fjölskylduráðgjafa. Hægt er að óska eftir aðkomu eða þjónustu þeirra inn í grunnskóla bæjarins.

Nemendateymi

Teymi eru stofnuð vegna nemenda í skólanum sem eru með fatlanir, greiningar og/eða önnur frávik sem kalla á náið samráð margra aðila. Deildarstjóri stoðþjónustu/deildarstjóri/aðstoðarskólastjóri bera ábyrgð á stofnun teymis en við stofnun þess er tilnefndur umsjónarmaður teymisins sem ber ábyrgð á starfi þess, að fundir séu haldnir, ákvörðunum framfylgt o.s.frv. Umsjónarmaður getur t.d. verið umsjónarkennari, deildarstjóri, aðstoðarskólastjóri, sérkennari. Teymin skipa eftir atvikum umsjónarkennari, sérkennari, deildastjóri stoðþjónustu/deildarstjóri, aðstoðarskólastjóri eða skólastjóri, námsráðgjafi, skólasálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur, kennsluráðgjafi frá menntasviði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

og aðrir utanaðkomandi aðilar ef ástæða er til. Mikilvægt er að fundargerðir teymisfunda séu geymdar í persónumöppu nemanda þannig að þær séu öllum nauðsynlegum aðilum aðgengilegar. Að öllu jöfnu starfa teymi meðan nemandinn er í grunnskóla en ef teymi er leyst upp þarf að skrá og rökstyðja þá ákvörðun.

Nemendur í samþættri þjónustu á 1., 2. og 3. stigi eru með teymi í kringum sig.


Ákvörðun um sérúrræði

Við úthlutun úrræða s.s. sérkennslu- og stuðningsfulltrúa tíma liggja beiðnir umsjónarkennara með rökstuðningi og mati til grundvallar. Stoðteymi hvers stigs yfirfer umsóknir að vori og leggur mat á þörf út frá þeim og niðurstöðum prófa og athugana. Metið er hvort sérkennsla, stoðkennsla eða aðstoð stuðningsfulltrúa hentar betur. Þörf fyrir aðstoð stuðningsfulltrúa í fyrsta bekk er metin út frá greiningum sem fylgja nemendum og upplýsingum frá leikskólum. Yfir veturinn fer stoðteymi yfir tilvísanir og endurskoðaðar eftir þörfum. Nemendur eru t.d. útskrifaðir úr sérkennslu og námsverum eftir því sem þeim fer fram og nýir teknir inn ef þörf er talin á. Einnig eru stuðningsfulltrúar færðir til ef þörf krefur. Forsjáraðilar eru alltaf hafðir með í ráðum þegar börnum er boðin sérkennsla eða annar stuðningur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Meðferð mál nemenda með námsvanda

Eftirfarandi mynd sýnir það ferli sem fylgt er við meðferð mála hjá nemendum með námsvanda.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skimanir, greiningar

Nemendur sem af einhverjum ástæðum eiga við námsörðugleika að stríða, eiga mjög oft í erfiðleikum við að ná tökum á lestri og/eða stærðfræði. Til að koma til móts við þennan vanda og aðra námsörðugleika er nauðsynlegt að meta sérþarfir nemenda sem allra fyrst á skólagöngunni með öflugri skimun og greiningu. Í ljósi slíkrar skimunar/greiningar getur skólinn, í samvinnu við foreldra/forsjáraðilar nemandans, brugðist við á markvissan hátt. Í Aðalnámskrá grunnskóla eru settar fram skýrar kröfur til skóla um greiningu á lestrarörðugleikum. Því er réttmætt að tekið sé tillit til lestrarörðugleika/námsörðugleika nemenda við próf og annað námsmat.

Mjög duglegir nemendur, afburðanámsmenn og nemendur sem búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum eiga líka að fá námstækifæri við sitt hæfi. Þeir eiga að fá tækifæri til að þroska sérhæfileika sína og nýta tímann til hins ýtrasta með því að glíma við fleiri og flóknari verkefni og krefjandi nám.

Í þessu skyni verður skólinn að bjóða margvísleg og jafngild námstækifæri þannig að komið sé til móts við sérstöðu einstaklinga. Hver nemandi á að geta fundið nám við sitt hæfi sem eflir hann og þroskar.

Sérkennarar í Hörðuvallaskóla sjá um ýmis próf og kannanir sem gerðar eru í skólanum. Kynna verður foreldrum/forsjáraðilum fyrirlögn skimana og leita leyfis þeirra vegna fyrirlagna greinandi prófa. Niðurstöður úr prófum ber að kynna foreldrum/forsjáraðilum með bréfi eða á fundi.

Skimanir sem framkvæmdar eru í skólanum

Fyrsti bekkur

- Iðjuþjálfi kemur og skoðar alla nemendur í 1. bekk með tilliti til hreyfifærni, einbeitingar og annars sem skiptir máli í skólabyrjun.
- Læsi, skimun á lestrargetu, hefti 1.2. Í þessu hefti er prófun á umskráningu á heilum orðum, þekkingu á bókstöfum út frá hljóði og tákni og tengsl þar á milli, ásamt fleiru. Nemendur sem ekki hafa forsendur til að taka prófið við bekkjaraðstæður. Prófið er lagt fyrir í október.
- Lesferill lagður fyrir í september, janúar og maí fyrir þá nemendur sem hafa náð lágmarksviðmiðum.
- Læsi, skimun á lestrargetu, hefti 1.3. Í þessu hefti er prófun á hvort nemendur hafa skilning á einstaka setningum og lengri les textum, skrifa orð eftir upplestri og að skrifa orða við myndir. Nemendur sem ekki hafa forsendur til að taka prófið við bekkjar aðstæður fá sér aðstæður.
- Lesferill lagður fyrir í janúar og maí.

Annar bekkur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Lesferill lagður fyrir í september, janúar og í maí.
- Kannanir á lestrargetu og lesskilningi nemenda, lagðar fyrir þegar þurfa þykir.

Þriðji bekkur

- Matsferill, mat á lesskilningi og stærðfræði.
- Lesferill lagður fyrir í september, janúar og maí.
- Kannanir á lestrargetu nemenda, lagðar fyrir þegar þurfa þykir.

Fjórði bekkur

- Matsferill, mat á lesskilningi og stærðfræði.
- Lesferill lagður fyrir í september, janúar og maí.
- Kannanir á lestrargetu nemenda, lagðar fyrir þegar þurfa þykir.

Fimmti bekkur

- Matsferill, mat á lesskilningi og stærðfræði.
- Lesferill lagður fyrir í september, janúar og maí.
- Kannanir á lestrargetu nemenda, lagðar fyrir þegar þurfa þykir.

Sjötti bekkur

- Matsferill, mat á lesskilningi og stærðfræði.
- Lesferill lagður fyrir í september, janúar og maí.
- Kannanir á lestrargetu nemenda, lagðar fyrir þegar þurfa þykir.

Sjöundi bekkur

- Matsferill, mat á lesskilningi og stærðfræði.
- Lesferill lagður fyrir í september, janúar og í maí.
- Kannanir á lestrargetu nemenda, lagðar fyrir þegar þurfa þykir.

Tómstundastarf og félagslíf

Frístund

Frístund skólans ber nafnið Hörðuheimar og er staðsett í kennslueiningu á skólalóð Þorpinu, sem eru fjórar lausar kennslustofur með tengibyggingu á milli. Auk þess eru ýmis rými í skólanum nýtt. Frístund er opin frá því að skóla lýkur til kl. 16:30 fyrir nemendur í 1.-4. bekk. Eftir að skóladegi barnanna lýkur koma þau í Frístund þar sem þau eru skráð inn og starfsfólk fylgist með hvar þau eru við leik og starf uns þau eru skráð út við brottför. Frístund er opin alla daga sem skólinn starfar og einnig allan daginn á skipulagsdögum og þegar það eru foreldraviðtöl, fyrir utan tvo daga á skólaárinu sem nýttir eru til skipulagningar, fræðslu og samráðs. Frístund er ekki opin í vetrarfríum en opið er á virkum dögum í jóla- og páskaleyfi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

nemenda að undanskilinni Þorláksmessu. Frístund er lokuð á skólasetningardegi en starfsemi hefst um leið og kennsla hefst og henni lýkur á skólaslitadegi.

Forstöðumaður Hörðuheima er Thelma Lind Antonsd. Arelakis (horduheimar@kopavogur.is)

Gjald

Samræmt gjald er fyrir vist í frístundum í Kópavogi. Upplýsingar um gjaldskrá má nálgast á slóðinni https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra. Sækja þarf um í frístund/klúbbastarf í gegnum þjónustugátt Kópavogs. Sækja þarf um fyrir 20. hvers mánaðar og tekur þá umsókn gildi næstu mánaðarmót. Systkinaafsláttur er 30% af dvalargjaldi fyrir annað og 75% fyrir þriðja systkini eða fleiri. Systkinaafsláttur reiknast af dvalargjaldi eldra (eldri) systkinis og tekur einnig til yngri systkina sem eru í leikskóla eða í vistun hjá dagforeldrum. Sækja þarf um systkinaafslátt í gegnum þjónustugátt Kópavogs.

Starfsmenn Frístundar sjá um síðdegishressingu sem er frá kl. 13:40–14.30. Boðið er uppá brauð með áleggi, ávöxt og drykk. Allir sem eru í frístund eru skráðir í síðdegishressingu.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og er innheimt eftir á. Eindagi er 10. hvers mánaðar. Um jafnt gjald er að ræða og er því sama gjald fyrir vistun óháð fjölda skóladaga í mánuðinum. Í september og maí greiðist hærra gjald þar sem vika af ágúst og júní reiknast með. Gjöld fyrir vistun og síðdegishressingu greiðast í gegnum heimabanka foreldra. Ekki er sendur greiðsluseðill nema foreldrar óski sérstaklega eftir því. Ef sækja þarf um breytingu á tíma eða segja upp plássi er það gert í gegnum þjónustugátt og þar það að vera fyrir 20. næsta mánaðar á undan. Sé það ekki gert framlengist vistunarsamningur óbreyttur til næsta mánaðar og fæst ekki breytt.

Starfsemi

Starfið í Frístund byggist að miklu leyti upp á vali barnanna og skrá þau sig á valtöfluna sem er fyrir framan stofu Hörðuheima. Einnig er farið út alltaf einu sinni á dag. Foreldrar eru hvattir til þess að hafa samband við forstöðumann Hörðuheima ef það er eitthvað sem þeir vilja tala um. Best er að hafa samband með tölvupósti eða í síma: 4413600 og þá helst fyrir hádegi. Hægt er að hringja í farsíma 8255947 í Hörðuheimum (1. og 2. bekkur) og 8255949 í Kastala (3. og 4. bekkur) eftir klukkan 13:00.

Félagsmiðstöðin Kúlan

Félagsmiðstöðin Kúlan er starfrækt allt skólaárið og er staðsett á neðri hæð Kóraskóla. Markmið félagsmiðstöðvarinnar er að bjóða upp á uppbyggilegt tómstundastarf, stuðla að forvörnum og byggja upp jákvæða ímynd hjá ungmennum svo fáein dæmi séu nefnd. Einnig er hvatt til lýðræðislegrar þátttöku. Félagsmiðstöðin Kúlan sinnir opnunum fyrir miðstig. 5. og 6. bekkir geta mætt á opnun einu sinni í mánuði kl. 17:00-19:00 en í 7. bekk eru tvær opnanir í mánuði á sama tíma.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Í vetur erum við í tilraunverkefni í samstarfi við Kúluna þar sem við erum að bjóða nemendum 7. bekkjar í innivist í hádegisfrímínútunum þeirra. Starfsmenn Kúlunnar sjá um innivistina og bjóða upp á allskonar afþreyingu.

Félagsmiðstöðin heldur úti Facebook síðu sem við hvetjum alla foreldra og forsjáraðila til þess að skoða. Þar koma inn allar auglýsingar og upplýsingar um starfsemi félagsmiðstöðvarinnar og auðvelt er að fylgjast með hvað er að gerast hverju sinni. https://www.facebook.com/felagsmidstodinkulan

Umsjónarmaður Kúlunnar er Sindri Már Ágústsson (sindrima@kopavogur.is).

Skákkennsla

Skákkennsla hefur verið í skólanum undanfarin ár. Þetta skólaár var ákveðið að prófa að keyra skák í smiðjum með list- og verkgreinum. Áður fyrr var skákin val en í ár fara allir nemendur í 3.-7. bekk í skák einhvern tímann yfir skólaárið. Auk þess er skák valgrein í 6.-7. árgangi. Skákkennsluna annast Ari Jóhannsson. Skólinn tekur þátt í þeim skákmótum sem haldin eru fyrir grunnskóla og stundum eru einnig skipulögð skákmót innan skólans. Auk þess eru haldin skákmót innan skólans og einnig farið á önnur skákmót.

Skólakór

Í vetur er skólakór í Hörðuvallaskóla. Ása Valgerður Sigurðardóttir er kórstjóri. Kórstarfið er í boði fyrir nemendur í 3.-7. bekk. Í yngri kór eru nemendur 3.-4. árgangs og í eldri kór eru nemendur 5.-7. árgangs. Kennt er á fimmtudögum eftir að skóla lýkur. Skólakórinn hefur tekið þátt í ýmsum viðburðum m.a. Barnamenningarhátíð, Kórahátíð Kársness og fleiri viðburðum.

Ferðalög

7. árgangur fer í skólabúðir að Reykjum 8. – 11. september. UMFÍ ber ábyrgð á rekstri skólabúðanna. Í fyrra varð til ný hefð þar sem foreldrar/forsjáraðilar 7. árgangs skipulögðu útskriftarferð fyrir nemendur sem tókst með eindæmum vel. Foreldrar/forsjáraðilar 7. árgangs hafa ákveðið ásamt skólanum að slík ferð verði að hefð en um dagsferð er að ræða að vori.

Bekkjarkvöld

Gert er ráð fyrir því að hver bekkur hafi eitt bekkjarkvöld á skólaári þar sem bekkjafulltrúar skipuleggja dagskrá. Ef kennari er ekki með þarf að hafa samband við ritara til að fá lánað skólahúsnæðið. Nauðsynlegt er að hafa góðan fyrirvara á því, eða u.þ.b. viku fyrirvara. Ganga þarf þrifalega um húsnæði og skólareglur gilda. Almennt er gert ráð fyrir því að bekkjarkvöld standi frá kl. 17:00–19:00. Þegar ákveðið er bekkjarkvöld hjá einum bekk eða fleiri þá er nauðsynlegt að hafa í huga eftirfarandi:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

1. Húsnæðið er pantað með því að hafa samband við skólaritara. Póstur sendur á ritari.horduvallaskola@kopavogur.is eða hringt í 4413600
2. Bekkjarfulltrúi fær lykla hjá ritara fyrir kl. 15:30
3. Bekkjarfulltrúar bera ábyrgð á því að læsa útgangi sem notaður er.
4. Bekkjarfulltrúar bera ábyrgð á því að athuga allar inngangshurðir í skólann séu læstar (ath. sérstaklega miðrými undir stiga úti í port).
5. Bekkjarfulltrúi skilar lyklum til ritara fyrir kl. 09:00 daginn eftir.
6. Einnota borðbúnað skal koma með (glös, diska, servíettur og annað sem nota þarf). Ekki er veitt leyfi til að fara í eldhús skólans.
7. Bekkjarfulltrúar skulu koma með hátalara eigi að spila tónlist. Ekki er gert ráð fyrir að nýta tæknibúr á bekkjarkvöldum nema sé sérstaklega um það samið og er þá einn fullorðinn ábyrgur fyrir að læra á tækin.
8. Öllu rusli skal safnað saman í plastpoka og þeir skildir eftir fyrir utan salinn.
9. Bekkjarfulltrúar ásamt foreldrum bera ábyrgð á því að umgengni um salinn eða það rými sem nýtt er og þá ganga sem gengið er um sé eins og komið var að.
10. Bekkjarfulltrúar og foreldrar bera ábyrgð á því að börnin séu í salnum eða kennslustofu á bekkjarkvöldi en alls ekki á ferð um bygginguna. Einungis er gefið leyfi fyrir því að vera í stofu eða sal eftir því sem við á. Alls ekki skal gengið um annað svæði skólans. Ef nýta á kennslustofu þurfa kennarar að gefa leyfi fyrir því.
11. Bekkjarfulltrúar og foreldrar bera ábyrgð á því að ganga um húsið og tryggja það að ekki sé skilið eftir rusl eða átt hafi verið við aðra hluti innan skólans.
12. Ef salurinn er notaður er hentugt að loka hliðinu í stiganum, læsa inn á bláa gang og setja niður grind á rauða gangi, þá er svæðið umtalsvert minna sem þarf að fara yfir við lok skemmtunar.
13. Ræstivagn er niðri við sal sem hægt er að nýta þegar gengið er frá eftir skemmtunina.

Símenntunaráætlun

Starfsþróunaráætlun Hörðuvallaskóla 2024–2027

Starfsþróun í Hörðuvallaskóla byggir á skýrri framtíðarsýn um öflugt fagfólk í sífelldri þróun. Við viljum skapa menningu þar sem samvinna, frumkvæði og námsgleði einkenna daglegt starf. Með því að efla faglegan þroska kennara og starfsfólks stuðlum við að bættum árangri nemenda og öflugra skólasamfélagi.
Áætlunin er í takt við innra mat skólans, stefnu Kópavogsbæjar og lög um inngildandi menntun. Hún tekur mið af þeim áherslum sem starfsfólk skólans hefur sett sér í skólaþróun og kennsluháttum:

- Teymiskennsla

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Læsi
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir
- Uppeldi til ábyrgðar
- Leiðsagnarnám
- Þemanám og samþætt nám
- Heilsuefling
- Stafræn borgaravitund

Starfsþróunaráætlun Hörðuvallaskóla er einnig í takti við gildi starfsfólks skólans: Þrautseigja, virðing og heiðarleiki. Þessi gildi endurspeglast í öllu skólastarfi og eru leiðarljós í öllum áætlunum og ákvörðunum tengdum starfsþróun.

Grunnforsendur

- Kennarar hafa 102 klst. árlega til starfsþróunar og undirbúnings skv. kjarasamningi.
- Að lágmarki helmingur af því skal nýtt í starfsþróun sem samræmist stefnu skólans.
- Kennarar skrá endurmenntun í umsjónarkerfið Vinnustund

Starfsþróun byggir á lögum um menntun og kennslu (nr. 91/2008), aðalnámskrá grunnskóla og Menntastefnu Kópavogsbæjar 2021 til 2030. Hún tekur einnig mið af niðurstöðum innra mats skólans.

Markmið starfsþróunar

- Efla fagþekkingu og hæfni kennara
- Styðja við innleiðingu stefnu skólans um teymiskennslu, fjölbreyttar kennsluaðferðir og uppeldi til ábyrgðar
- Dýpka skilning á inngildingu og fjölbreyttum kennsluháttum
- Hvetja til samvinnu, nýsköpunar og leiðtogafærni
- Auka vellíðan og faglegt öryggi starfsfólks

Framkvæmd og eftirfylgni

Tímasetning	Viðfangsefni	Ábyrgðaraðili	Útfærsluhugmyndir
Árlega	Árleg starfsþróunaráætlun	Vinnufundur kennara og aðstoðarskólastjóri	Samþykkt á starfsmannafundi og birt á heimasíðu skólans
Sept.	Kennsluáætlanir unnar og birtar á heimasíðu.	Kennarar í umsjón deildarstjóra	Vinna með megináherslur ársins

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Okt.–maí	Sameiginleg stefnumótun og vinnufundir með faglegar áherslur.	Skólastjórn, kennarar og annað starfsfólk	Málstofur um leiðsagnarnám, þemanám, læsi og stafræna borgaravitund
Reglulega	Teymisfundir	Öll kennarateymi	Skipulagt samtal um nemendur, samþættingu námsgreina, leiðsagnarnám, læsi ofl.
Nóv og feb	Innlit í kennslustofur	Kennarar	Skipulagt samtal og ígrundun um fjölbreyttar kennsluaðferðir
Des. og maí	Sjálfsmat og eftirfylgni	Skólastjórn	Sjálfsmatsfundur, umbótaáætlun

Mat á árangri

- Virk þátttaka í teymisvinnu og námskeiðum
- Starfsmannakannanir
- Sjálfsmat og ígrundun kennara á eigin starfsþróun
- Rýni í þátttöku á vinnufundum og annarri endurmenntun

Megináherslusvið og innihald

Teymiskennsla

- Kennarar skipuleggja nám saman, bera sameiginlega ábyrgð og styðja hver annan með inngildingu og farsæld nemenda að leiðarljósi.
- Unnið með skýra verkaskipting og sveigjanleika í teymi

Læsi

- PALS, G-PALS OG K-PALS. Byrjendalæsi (1.–3. bekkur), Læsi fyrir lífið (4.–7. bekkur)
- Námskeið, lestrarplan, þróunarverkefni og lestrarátök, yndislestur, lestrarklúbba o.fl.

Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Notkun spjaldtölva, stöðvavinna, könnunarnám, verkefnabundið nám
- Reglulegar námskynningar kennara og heimsóknir í aðra bekki
- Verkefni sem krefjast samvinnu, sköpunar og gagnrýninnar hugsunar
- Námskynningar, teymisheimsóknir og rýni á kennsluhætti

Uppeldi til ábyrgðar

- Jákvæð hegðun, samvinna og sjálfstjórn
- Rökræða, hópvinnureglur, samkomulagsgerð við nemendur

Stafræn borgaravitund

- Vinna með netnotkun, gagnrýna hugsun, samskiptahæfni í stafrænu umhverfi
- Hlutverkaskipting í stafrænum hópum, verkefni í upplýsingalæsi

Leiðsagnarnám

- Markviss endurgjöf, sjálfsmat, matstæki samræmd við hæfniviðmið
- Þróun matsforma og viðmiða um árangur með nemendum

Heilsuefling

- Hreyfing í dagskipulag, andleg heilsa, næring
- Fræðsla, skipulagðir viðburðir og samstarf við Heilsuvernd

Þemanám og samþætt nám

- Þemanám, samþætting námsgreina, sýningar, kynningar og ferðir
- Sameiginleg vinnudagar, sköpunarsmiðjur og lokaviðburðir

Inngildandi menntun

Inngildandi menntun í Hörðuvallaskóla

- Samvinna og aðlögun námsumhverfis að fjölbreyttum þörfum nemenda
- Skóli án aðgreiningar (e. inclusive education) felur í sér skipulagt skólastarf þar sem þörfum nemenda er mætt þar sem þeir eru og þeir ekki aðgreindir eftir fötlun, uppruna, námsgetu eða öðrum þáttum. Markmiðið er að veita öllum nemendum sama rétt til náms og stuðla að virkri þátttöku þeirra í skólasamfélaginu.
- Samkvæmt Qvortrup og Qvortrup (2018) er mikilvægt að skoða inngildingu út frá þátttöku í námi, félagslegri þátttöku og stöðu nemenda í ólíkum félagslegum aðstæðum. Inngilding nær til allra nemenda.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

- Inngildandi menntun krefst endurmats á valdajafnvægi í skólum, með áherslu á að greina hverjir eru jaðarsettir og hvað er viðurkennt sem viðmið.

Efling lærdómssamfélags

Við höfum það að markmiði að starfsfólk læri saman og af hvoru öðru. Því leggjum við áherslu á:

- Jafningjafræðslu og námskynningar þar sem kennarar segja frá og deila hæfni sinni og þekkingu með öðrum
- Fagleg samtöl á vikulegum teymisfundum
- Innlit og heimsóknir kennara í kennslustofur hver hjá öðrum með skýr markmið að leiðarljósi, til dæmis: Hvað er jákvætt við kennslustundina, hvað langar mig að prófa, hverju tek ég eftir í samræðum í kennslustofunni, hvaða kennsluaðferðir er verið að nota og hverjar virka vel og hvernig eru spjaldtölvur nýttar?
- Vinnustofur og námsferðir

Mat og endurskoðun

- Í lok hvers skólaárs fer fram mat á starfsþróun og umbótum
- Áætlanir eru endurskoðaðar árlega í samráði við starfsfólk

Þessi starfsþróunaráætlun endurspeglar sameiginlega sýn okkar um sterkt fagfólk í framsæknu skólastarfi. Með markvissu og skapandi þróunarstarfi byggjum við upp lærdómssamfélag sem þjónar öllum nemendum á þeirra eigin forsendum. Skólastarfið skal byggja á jafnræði, virðingu og inngildingu – þar sem fjölbreyttir kennsluhættir og aðgengi að menntun eru í forgrunni.

Rýmingaráætlun og viðbrögð við vá

Rýmingaráætlun

Við hættuástand getur reynst nauðsynlegt að rýma skólann. Grundvallaratriði er að starfsfólk og nemendur hafi æft viðbrögð þannig að þau komi eins og af sjálfu sér þegar á þarf að halda. Við þann hraða sem ræður ferðinni við brátt hættuástand er ekki svigrúm til miðstýrðra fyrirmæla. Hver starfsmaður verður því að vita hvað hann á að gera og nota eigin dómgreind til að meta aðstæður t.d. hvar nemendur eru hverju sinni, hvort hann eigi að fara út með nemendahópinn út um venjulega útgönguleið eða út um neyðarútganga. Kynning fyrir starfsmenn fer fram m.a. með yfirferð á handbók að hausti. Nemendur fá kynningu í

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

tengslum við rýmingaræfingar sem eru a.m.k. einu sinni á ári og felst skipulagning hennar hjá öryggisnefndinni.

Rýmingaræfing

Útskýra þarf tilgang æfinganna fyrir nemendum sem er:

- Aukið öryggi og þekkja viðvörunarbjöllurnar.
- Kunna að bregðast rétt við og æfa fumlaus viðbrögð.
- Koma í veg fyrir slys við rýmingu á húsnæði og þekkja bestu leiðirnar úr skólahúsinu.

Sjálfsagt er að ræða við nemendur að æfing er alvarleg eðlis - en ekki leikur.

Áríðandi er að útskýra vel fyrir nemendum að ef viðvörunarbjallan þagnar fljótlega eftir að hún fer af stað og fer ekki í gang aftur er um bilun eða gabb að ræða. Þ.e.a.s. við forviðvörun vita nemendur og kennarar að hætta getur verið á ferðum en ekki er þó farið út fyrr en við fulla hringingu. Ef á hinn bóginn bjallan fer af stað aftur og stöðvast ekki er hætta á ferðum og rýma þarf húsið.

- Kennari stýrir útgöngu sinna nemenda.
- Hver kennari fer yfir hvar nemendur safnast saman til manntals og nánari fyrirmæla (samkomustaður).
- Á heimasvæðum ganga þeir fyrst út sem næstir eru rýmingarleið.
- Ef aðstæður leyfa fara nemendur í úlpur og skó (ekki reima, setja reimarnar niður í skóna) því ekki er hægt að senda börnin klæðalítil út í válynd veður nema í ýtrustu neyð.
- Hver nemendahópur safnast saman á samkomustað en staðirnir eru valdir þannig að þeir trufli ekki nauðsynlegt athafnasvæði neyðar starfsmanna við bygginguna.
- Æfingunni þarf að vera lokið fyrir 1. nóvember ár hvert.

Rýming (skólaæfing /hættuástand)

Stjórnstöð viðvörunarkerfis gefur stjórnendum og umsjónarmanni hússins skilaboð um hvar neyðarboði fer af stað. Upptök eru könnuð eins hratt og mögulegt er. Bjallan er stöðvuð á meðan - ef um hættu er að ræða er bjallan gangsett á ný. Þá fyrst ber að rýma húsið. Húsið er rýmt samkvæmt áætlun (sjá rýmingaræfing kennara). Þegar allir eru komnir út er nauðsynlegt að starfsmenn sjái um að ekki sé farið inn í skólann aftur fyrr en æfingu eða hættuástandi er lokið. Kennari tryggir að allir nemendur hans hafi skilað sér á samkomustað. Ef svo er ekki kemur hann boðum til skólastjóra sem verður á lóðinni. Hann tryggir að neyðarstarfsmenn fái þessar upplýsingar svo leit hefjist snarlega í byggingunni. Allir starfsmenn verða að leggjast á eitt þannig að rýming hússins verði fumlaus og róleg án troðnings (ekki hlaupa). Hópar halda sig á sínu svæði þar til merki hefur verið gefið um að æfingu sé lokið eða hættuástand afstaðið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Hlutverk starfsfólks

- Kennari ber ábyrgð á sínum nemendahópi.
- Stjórnandi hefur yfirsýn og veiti upplýsingar til neyðarstarfsmanna þegar þeir koma að skólanum.
- Ritari tryggir að hringt sé í slökkvilið og hefur með sér tengslamöppu nemenda og foreldra
- Skólaliðar og umsjónarmaður aðstoða við rýmingu, halda hurðum opnum, aðgæta salerni o.fl. þ.h.
- Allir noti eigin dómgreind sem grundvöll ákvarðanatöku !

Veikindafaraldrar

Upplýsingar um faraldra vegna veikinda má finna á vefslóðinni:
http://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/

Óveður

Upplýsingar um óveður og röskun á skólastarfi má finna á vefslóðinni:
https://www.shs.is/hvad-get-eg-gert/roskun-a-skolastarfi

Mikilvægt er að foreldrar sjálfir fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni, enda getur veður þróast með ófyrirséðum hætti og aðstæður verið mjög mismunandi eftir svæðum.

Foreldrar leggja sjálfir mat á hvort fylgja þarf barni í skóla þótt engin tilkynning hafi borist frá yfirvöldum. Meti foreldrar aðstæður svo að ekki sé óhætt að börn þeirra sæki skóla þá skulu þeir tilkynna skólanum um það og lítur skólinn á slík tilvik sem eðlileg forföll. Hið sama gildir ef foreldrar lenda í vandræðum á leið sinni til skóla og verða frá að hverfa.

Mikilvægt er að fólk fari ekki af stað til skóla eða vinnu ef það treystir sér ekki eða er vanbúið til farar, svo sem vegna þess að bifreið er vanbúin til vetraraksturs.

Eldgos og jarðskjálftar

Upplýsingar um viðbragðsáætlun Almannavarna vegna jarðskjálfta og eldgos má finna á heimasíðu almannavarna og á heimasíðu Kópavogsbæjar:

https://www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta/

https://www.kopavogur.is/is/frettir-tilkynningar/jardskjalftar-varnir-og-vidbunadur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Skólaakstur og skólamáltíðir

Skólaakstur

Nemendum er ekið í sund í sundlaugina við Salaskóla og sundlaugina Boðaþingi.

Skólamáltíðir

Hádegismatur er eldaður í eldhúsi skólans. Matseðill tekur mið af leiðbeiningum Lýðheilsustöðvar um hollustu og næringu. Einnig er boðið upp á grænkerafæði. Foreldrar/forsjáraðilar skrá börn sín í hádegismat í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar. Hádegismatur er án endurgjalds en nauðsynlegt er fyrir foreldra að skrá börnin sín í hádegismat.

Nesti og matarvenjur

Mikilvægt er að nemendur borði hollan og staðgóðan morgunmat áður en farið er í skólann. Boðið er upp á frían hafragraut fyrir alla nemendur skólans þriðjudaga – föstudaga. Yngsta stigið fær hafragraut kl. 8:00 – 8:15 og miðstig kl. 8:15 – 8:30. Hörðuvallaskóli leggur áherslu á að nemendur komi með ávexti og grænmeti sem nesti og drekka vatn. Foreldrar hafa þó val um að senda börn sín með annað hollt og gott nesti. Í umhverfisvænu samfélagi leggjum við áherslu á að nemendur komi með allt nesti í fjölnota umbúðum. Nemendur sem koma með nesti í einnota umbúðum taka þær með sér heim til förgunar. Hafa ber í huga að skólinn er hnetulaus.

Þróunarstarf í skólanum

PALS (e. Peer – Assisted Learning Strategies)

PALS er lestrarkennsluaðferð sem felst í því að nemendur vinna saman í pörum. PALS er gagnreynd kennsluaðferð til að þjálfa lesfimi og lesskilningsaðferðir. PALS skiptist í fjögur stig eftir aldri og hæfni nemenda. K-PALS var þróað fyrir börn á síðasta ári í leikskóla en hefur einnig gefist vel í lestrarkennslu í 1. bekk, til dæmis samhliða hefðbundinni stafainnlögn. Við höfum stuðst við K-PALS í 1. bekk síðastliðin tvö ár og höfum við séð marktækan árangur á lestrarfærni nemenda okkar. Markmiðið með aðferðinni er að gefa kennurum kost á að þjálfa samtímis hóp af börnum í stafaþekkingu og lestri. G-PALS aðferðin var þróuð fyrir nemendur í 1. bekk en hentar þó mun breiðari nemendahópi og getur nýst á öllum stigum grunnskólans, til dæmis í sérkennslu og kennslu í íslensku sem annað tungumál. PALS er svo ætlað nemendum í 2.-6. bekk sem eru búnir að ná tökum á undirstöðuatriðum lestrar og þurfa að þjálfa lesfimi og efla lesskilning sinn. Fjórði flokkurinn er PALS fyrir unglinga sem ekki er nýtt hér í skólanum. Í öllum útfærslum er jafningjamiðaðri nálgun beitt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Uppeldi til ábyrgðar

Verkefni sem leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur og ábyrgð fremur en blinda hlýðni. Unnið er með að að nemendur læri hæfileikann til sjálfstjórnar og læri að bera virðingu hver fyrir öðrum. Nemendur fá verkfæri til að æfa sig í að hugsa áður en þeir framkvæma og bregðast rétt við aðstæðum. Hlutverk nemenda og fullorðinna í skólanum sé skýrt og skólareglur og bekkjarsáttmálar sýnileg og rætt reglulega

Draumagerðarsmiðja

Þróunarverkefni um Draumagerðarsmiðju hófst síðastliðið skólaár. Opnað hefur verið nýsköpunarver í Hörðuvallaskóla, sem fékk nafnið Draumagerðarsmiðja, þar sem nemendur vinna að nýsköpunarverkefnum. Í Hörðuvallaskóla eru breyttir kennsluhættir á miðstigi en þar er verkefnamiðað, samþætt þemanám sem hófst sem þróunarverkefni árið 2019 og er nú búið að festa sig í sessi. Í verkefnamiðuðu, samþættu þemanámi er áhersla á að nemendur leiti lausna, beri ábyrgð á eigin námi, séu skapandi, geti unnið með öðrum, læri að sýna þrautseigju og yfirfæra þekkingu. Leiðsagnarnám er markvisst notað og verkefni eru metin í stöðugu samtali við kennara þar sem nemendur vita bæði nákvæmlega til hvers er ætlast af þeim og hvernig þeir geta bætt sig og lært af mistökunum. Nemendur læra að nýta eigin styrkleika í námi sínu ásamt því að kafa dýpra í þekkingarleit á þeim viðfangsefnum sem þeir eru að rannsaka. Nemendur þróa með sér hæfni til þess að koma fram og kynna verkefni sín, hvort heldur sem er innan veggja skólans eða fyrir öðrum í nærsamfélaginu. Áætlað er að þessir kennsluhættir færist niður á yngsta stigið á næstu árum.

Nemendur okkar hafa öðlast leikni í því að velja sér verkefni út frá áhugasviði sínu og styrkleikum með þessu nýja námsfyrirkomulagi. Því teljum við nauðsynlegt að taka næsta skref með því að opna Draumagerðasmiðju. Draumagerðarsmiðjunni er ætlað að ýta undir nýsköpun og sköpunargleði og um leið búa nemendum enn fjölbreyttara námsumhverfi sem hvetur til frumkvæðis, sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar. Fjölbreyttur og nútímavæddur námsgagnakostur sem tekur mið af örri tækniþróun og margbreytileika nemenda.

Í verkefnamiðuðu, samþættu þemanámi geta nemendur valið að vinna verkefni sitt í Draumagerðarsmiðjunni þar sem við sjáum fyrir okkur að búi yfir hljóð- og upptökuveri og búnaði sem hentar vel til nýsköpunar eins og t.d. fjölskera, þrívíddarprenturum, sýndarveruleikagleraugum, búnaði til forritunar, vélmennum, grænskjá, hljóðvarpssetti, hljóðnemum, upptökutækjum, snertiskjám og öðrum nauðsynlegum tölvubúnaði sem þarf til að vinna að nýsköpun. Gervigreind verður notuð á markvissan hátt til að þróa hugmyndir, nýta tæknina og styðja við nemendur í nýsköpun.

Nemendur geta sjálfir þróað verkefni sín undir handleiðslu kennara og sýnt hugrekki í vali á verkefnum. Í verkefnamiðuðu, samþættu þemanámi er mikil áhersla á vaxtarhugarfar og nemendum eru fá takmörk sett. Þeir læra að þróa með sér seiglu og þrautseigju og skapa þekkingu í samvinnu við aðra nemendur og kennara.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

Við áætlum að verkefnið verði þróunarverkefni til þriggja ára og festist svo í sessi líkt og fyrri þróunarverkefni hafa gert

Erasmus

Hörðuvallaskóli tekur þátt í nýju Erasmus+ verkefni – STEAMing Ahead! (Sustainable Futures through Innovative Education). Verkefninu er ætlað að efla kennslu í vísindum, tækni, verkfræði, listum og stærðfræði með áherslu á sjálfbærni og stafræna nýsköpun. Samstarfsskólar eru í Lettlandi, Tyrklandi, Ítalíu, Litháen og Grikklandi. Nemendur fá að prófa skapandi „Escape Games“ og kennarar fá ný verkfæri í kennslu sem henta elstu nemendum skólans. Verkefnið nær til næstu tveggja skólaára 2025-2027.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026